



Mýrdalshreppur



Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028

UMHVERFISSKÝRSLA

Maí 2012

VSÓ RÁÐGJÖF

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028

Umhverfisskýrsla

Mai 2012

7	18.5.2012	SP	SGT	SGT
6	7.3.2012	SP/SGT	SGT	SGT
5	3.1.2012	SP	SGT	SGT
4	03.10.2011	SP	SGT	SGT
3	15.09.2011	SP	SGT	SP
2	05.09.2011	SP	SGT/SP	SGT
1	12.08.2011	SP	SGT	SGT
Nr. Útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt

VSÓ RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík sími: 585 9000 / fax: 585 9010 vso@vso.is www.vso.is



EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	3
2.	Matsvinna	3
2.1	Áhrif umhverfismats á skipulagsvinnu	4
2.2	Aðferð og nálgun matsvinnu	4
2.3	Óvissa	6
3.	Umhverfismat	7
3.1	Gróður	8
3.2	Dyrhólaós	11
3.3	Fuglalíf við Dyrhólaós	13
3.4	Annað dýralíf	15
3.5	Sýnileiki og sjónræn áhrif	16
3.6	Ferðaþjónusta, ferðamennska og útivist	17
3.7	Hljóðvist	19
3.8	Landnotkun	19
3.9	Annað	20
4.	Eftirfylgni og vöktun	22
5.	Valkostir	24
6.	Samandregnar niðurstöður umhverfismats	26
7.	Tengsl við aðrar áætlanir	28
8.	Samráð og kynningar	30
9.	Samlegðaráhrif og heildarniðurstaða matsvinnu	31
	Heimildarskrá	32
	Lög og reglugerðir	33
	Viðauki	34

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá umhverfismati áætlana vegna endurskoðunar Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012 – 2028. Gildandi Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025 var staðfest af umhverfisráðherra 22. desember 2010. Ráðherra synjaði hins vegar að staðfesta þann hluta aðalskipulagsins er varðaði nýja veglínu Þjóðveg 1 (Hringvegur). Vanhæfni fyrrverandi oddvita og að ekki hafi verið nægjanlega upplýst um áhrif vegarins á náttúru og samfélag í Mýrdal skv. álit Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun 2010) voru megin ástæður synjunar umhverfisráðherra.

Niðurstaða og rök Skipulagsstofnunar við afgreiðslu núgildandi aðalskipulags eru megin forsenda umhverfismats breytinga á aðalskipulaginu. Ákveðið var að bæta umfjöllun, draga úr óvissu og upplýsa betur um umhverfisáhrif aðalskipulagstillögunnar, eins og kostur er m.v. fyrirbyggjandi gögn og þekkingu. Áhersla umhverfismatsins er þar af leiðandi á umfjöllun um líkleg umhverfisáhrif vegna færslu Hringvegur. Rétt er að benda á að vegna aðdraganda að endurskoðun Aðalskipulags Mýrdalshrepps er öll umfjöllun um líkleg umhverfisáhrif mun ítarlegri en venja er í umhverfismati fyrir aðalskipulagsáætlanir.

Mikilvægur hluti af mótun markmiða og áherslna í endurskoðuðu aðalskipulagi er að skerpa á forsendum Mýrdalshrepps sem snúa að legu Hringvegur.

Megin forsenda sveitarfélagsins fyrir færslu og staðsetningu Hringvegurins er að með því verði hann greiðfær láglendisvegur í stað vegar um hættulegar brekkur og misvindasamt svæði. Auk þess sem vegurinn er færður út úr þéttbýlinu í Vik og stýttist um 3 km. Í skipulagsvinnunni voru nefnd eftirfarandi megin markmið með færslu vegarins:

- Greiðfærni á veturna.
- Umferðaröryggi (lega vegarins) með bættum vegtæknilegum eiginleikum (Sjónlengdir, beygjur, halli, fækkun vegtenginga).
- Þjóðvegur út úr þéttbýli / öryggi í þéttbýli.
- Stýtting Hringvegur.

Með því að stefna að tilfærslu vegar fylgir sveitarfélagið eftir undirbúningsvinnu og stefnumótun fyrri ára. Í greinagerð um sameiningu Dyrhólahrepps og Hvammshrepps frá 1982 er greint frá því að í svæðisskipulagi fyrir byggðalagið eigi að stefna að gerð nýs vegar nær ströndinni með jarðgöngum um Reynisfjall.

Í jarðgangaáætlun Vegagerðarinnar frá árinu 2000 eru jarðgöng um Reynisfjall talin til verkefna til síðari skoðunar. Jarðgöng sem þá voru sett í forgang hafa þegar verið byggð. Í skýrslu Vegagerðarinnar frá 2002 um hættulegar beygjur á Þjóðvegi 1 eru beygjur í gatnabrún metnar vera *hættulegar* og *stórhættulegar*. Einnig er vísað í frumdrög Vegagerðarinnar frá 2008 þar sem greint er frá valkostum sem þá voru til skoðunar á umræddum vegarkafli.

Stefnan um tilfærslu vegarins er í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar Vaxtarsamnings Suðurlands frá 2006 en í kafla VI.9 um samgöngur eru jarðgöng um Reynisfjall talin til megin verkefna í samgöngumálum á Suðurlandi.

2. Matsvinna

Aðalskipulagsáætlun Mýrdalshrepps er háð umhverfismati skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem áætlunin:

- markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum,
- er undirbúin og samþykkt af stjórnvaldi,
- er unnin skv. lögum.

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Matsvinnan vegna endurskoðunar Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028 var í samræmi við tilgang laganna.

2.1 Áhrif umhverfismats á skipulagsvinnu

Þótt að megin áhersla matsvinnu hafi verið á umfjöllun um umhverfisáhrif tilfærslu Suðurlandsvegur var farið yfir umhverfisáhrif stefnumótunar aðalskipulagsins í heild sinni. Það var gert samhliða aðalskipulagsvinnu. Stýrihópur skipulagsvinnu var reglulega upplýstur um vinnu og ábendingar matsteymis varðandi möguleg umhverfis aðalskipulags og á þann hátt var tryggt að við mótun aðalskipulagsins væri tekið tilliti til mögulegra umhverfisáhrifa og umhverfissjónarmiða.

Matsvinnan fólst aðallega í því að:

- greina áhrifaþætti aðalskipulags og þætti umhverfisins sem verða fyrir áhrifum,
- benda á möguleg umhverfisáhrif stefnu og aðgerða sem komu fram í skipulagsvinnunni og stuðla að upplýstri og gegnsæri ákvarðanatöku við mótun aðalskipulagsins,
- aðstoða við að skilgreina markmið og leiðir í aðalskipulaginu á samræmdan hátt,
- skilgreina og fjalla um mögulega valkosti,
- meta áhrif og skilgreina mótvægisáðgerðir og vöktun,
- vinna umhverfisskýrslu.

2.2 Aðferð og nálgun matsvinnu

Við skilgreiningu umhverfisáhrifa var farið yfir leiðarljós, markmið og aðgerðir sem sett eru fram í skipulagsvinnu og skilgreint á hvaða hátt þau kunni að hafa áhrif á umhverfið.

Skilgreining umhverfisáhrifa og mat á umfangi þeirra var unnin af ráðgjafa. Sérstakt matsteymi var sett á laggirnar til að aðstoða við skilgreiningu umhverfisáhrifa. Áhersla var á þverfaglega teymisins og stóð það saman af aðilum með þekkingu á ólíkum sviðum. Við val á þátttakendum í matsteymið var þess gætt að bæði staðbundin þekking og þekking sérfræðinga varðandi ýmis mikilvæg viðfangsefni matsvinnu yrði til staðar og myndi nýtast sem innlegg og til að aðstoða við að skilgreina og meta umhverfisáhrif. Á þennan hátt var leitast við að skerpa á umfjöllun og bæta úr skorti á upplýsingum sem var talin vera helsti annmarki matsvinnu vegna gildandi aðalskipulags.

Tafla 1. Þátttakendur í matsteymi.

Nafn	Hlutverk í matsvinnunni
Bryndís F. Harðardóttir, Sigurður Æ. Harðarson, Þórir N. Kjaransson	Heimamenn. Þekking um staðhætti og landnotkun.
Sigurður Jakobsson	Skipulagsfulltrúi Mýrdalshrepps. Tengiliður matsteymis og stýrihóps skipulagsvinnu.
Eiríkur Bjarnason	Vegagerðin. Þekking á sviði veghönnunar og áætlanagerða hjá Vegagerðinni.
Jón S. Ólafsson	Veiðimálastofnun. Sérfræðingur á sviði vatnalíffræði og vistfræði.
Borgþór Magnússon	Náttúrufræðistofnun Íslands. Sérfræðingur á sviði gróðurfars og vistfræði
Sebastian Peters	VSÓ Ráðgjöf. Sérfræðingur á sviði umhverfismats og verkefnastjóri umhverfismats.

Matsteymið skilgreindi umhverfisáhrif og ræddi eðli og umfang þeirra. Umsjón með vinnu teymisins var í höndum sérfræðings á sviði umhverfismats. Til að auka skilning á viðfangsefni matsvinnunnar var farið í

vettvangsferð. Umhverfisskýrsla var unnin af ráðgjafa með hliðsjón af vinnu matsteymis og er á ábyrgð hans.

Verkefnastjóri matsvinnu fundaði sérstaklega með Hlyni Óskarssyni og Agnari Ingólfssyni um ýmsa náttúrufarsþætti sem tengjast Dyrhólaós og votlendissvæðum í jaðri hans.

Umfjöllun matsteymis um umhverfisáhrif og möguleg áhrif á mótun skipulagstillögu var kynnt ítarlega á reglulegum fundum stýrihóps um aðalskipulagið. Niðurstöður matsvinnu nýttust þannig beint við mótun stefnu og þann rökstuðning sem þarf að fylgja með í skipulagsgreinargerð og í umhverfisskýrslu.

Í töflu 2 er samantekt á þeim gögnum og viðmiðum sem voru til grundvallar í matsvinnunni. Áhersla var lögð á að afla frekari gagna til þess að draga sem mest úr óvissu um líkleg umhverfisáhrif.

Tafla 2. Forsendur mats m.t.t umhverfisþátta, gögn og viðmið

Umhverfisþáttur	Helstu gögn og forsendur mats / viðmið
Náttúrufar	
Gróðurfar Dyrhólaós Fuglalíf	Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni, 2008. Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020 og árherslur 2010 – 2013. Þingsályktun um Náttúruverndaráætlun 2009-2013 Athugasemdir og umsagnir vegna gildandi aðalskipulags. Gróðurkort: Kortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands á gróðurfari. Skýrsla um hafbeit í Dyrhólaós. Veiðimálastofnun 1989 Frummatsskýrsla um veg til Vopnafjarðar. Vegagerðin 2007. Frummatsskýrsla vegna Hringvegur um Hornafjörð. Vegagerðin 2008.
Samfélag	
Sjónræn áhrif Landnotkun Ferðaþjónusta og ferðamennska Hljóðvist Náttúruvá	Sýnileikagreining m.v. helstu áfangastaði ferðamanna. Unnar ljósmyndir Uppdrættir, staðarþekking skipulagsfulltrúa og heimamanna. Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Vegna grófleika matsins byggist mat á áhrifum ekki á nákvæmum tölugildum.. Hættumat vegna ofanflóða fyrir Vík í Mýrdal.

Í kafla 3 er greint frá matsvinnu og niðurstöðum hennar. Gerð er grein fyrir áhrifum aðalskipulagstillögu á hvern umhverfisþátt. Í kafla 3.3 um eftirfylgni er greint frá leiðum til að fylgja eftir niðurstöðum matsvinnu s.s. mögulegum mótvægisáðgerðum, leiðum til að vakta áhrif eða annarskonar eftirfylgni við framkvæmd skipulagsins.

2.3 Óvissa

Óvissa um eðli og umfang umhverfisáhrifa gildandi Aðalskipulags Mýrdalshrepps hafði veigamikil áhrif á afgreiðslu þess. Þar af leiðandi var í matsvinnu vegna nýs aðalskipulags lögð veruleg áhersla á að draga úr þeirri óvissu og/eða skilgreina betur hvernig megi bregðast við henni á skipulagstímabilinu. Með tilliti til þessa er bent á að lengra hefur verið gengið til að draga úr eða skilgreina ýmsa eðlisþætti óvissu en venja er á þessu stigi ákvarðanatöku.

Helstu aðgerðir til að draga úr óvissu voru eftirfarandi:

- Vinna matsteymis. Að draga fram þekkingu ólíkra aðila, bæði íbúa og utanaðkomandi sérfræðinga til þess að greina frá aðstæðum og mögulegum umhverfisáhrifum.
- Leita eftir þekkingu, álit og ábendingum sérfræðinga á sviði votlendis, vatnafars og leira.
- Vinna stafrænt gróðurkort fyrir sveitarfélagið.
- Afla frekari skriflegra heimilda.
- Meta áhrif á útsýni og landslag.

3. Umhverfismat

Í kafla 3 er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum sem voru til umfjöllunar í matsvinnunni. Greint er frá mögulegum áhrifum á hvern umhverfisþátt fyrir sig í samræmi við áherslur matsteymis.

Megin viðfang matsvinnu var tilfærsla Hringvegar sem sveitarfélagið stefnir að. Einnig voru til umfjöllunar önnur mál, s.s. önnur samgöngumál, varnir vegna náttúruvár og atvinnumál sveitarfélagsins, en mun minni áhersla var á þessa þætti.

Í matslýsingu kom fram að umfjöllun um áhrif á lífríki og vistkerfi á svæðinu þyrfti að vera greinargóð en bent á að hafa bæri í huga að vísa ítarlegri umfjöllun um áhrif einstakra framkvæmdaþátta vegagerðar til mats á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Áhersla í umhverfismatinu var lögð á að fjalla um lykilþætti í náttúrufari svæðisins. Nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir að Hringvegurinn verði lagður um Mýrdalinn með jarðgöngum í gegnum Reynisfjall. Svæðið sem kemur til greina undir tilfærslu vegarins má líta á sem vistfræðilega heild vegna samspils ýmissa þátta í náttúrufari þess. Sérstök áhersla var lögð á að skýra betur eðli þessarar heildar og möguleg áhrif vegagerðar á hana.

Þeir umhverfisþættir sem litið var til varðandi möguleg umhverfisáhrif voru ýmist á sviði náttúrufars og samfélags. Í tengslum við náttúrufar var m.a. litið til áhrifa á gróðurfar, Dyrhólaós, fuglalíf og brekkubobba. Áhrif á ferðamennsku og ferðaþjónustu, hljóðvist, aðra landnotkun og sjónræn áhrif voru skoðuð undir umhverfisþættinum samfélag.

Helstu viðmið sem stuðst var við í matsvinnu byggja á eftirfarandi gögnum:

Viðmið	Viðfangsefni
Náttúruminjaskrá	Svæði á Náttúruminjaskrá, forsendur og sérstaða
Náttúruverndarlög nr. 44/1999	Ýmsar greinar s.s. 37. gr. um vernd vistkerfa, s.s. votlendi, leirur, stöðuvötn.
Reglugerð um hávaða nr. 724/2008	
Velferð til framtíðar	Votlendi sem lykilvistkerfi
Náttúruverndaráætlun 2009-2013	Brekkubobbi
Ramsar samningur	Votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi fyrri fuglalíf
Stefnumið Aðalskipulags Mýrdalshrepps	Auðlindir, samfélag, samgöngur
Válisti 1 fyrir plöntur	
Válisti 2 fyrir fugla	Fuglalíf
Bernarsamningur	Fuglalíf
Sýn til vegar	Ásýndarbreytingar
Ástand friðlýstra svæða	Dyrhólaey
Vinsælir ferðamannastaðir	Sólheimajökull, Mýrdalsjökull, Dyrhólaey, Reynisfjara, Víkurfjara, Reynisfjall, Þakgil, Hjörleifshöfði
Katla Jarðvangur	
Hættumat Veðurstofu Íslands	Ofanflóð- og hrunhætta
Sjóvarnarskýrsla Siglingastofnunar	Sjó- og flóðvarnir
Þjóðminjalög nr. 107/2001	Fornminjar

Eftirfarandi er yfirlitstafla með helstu umhverfis- og áhrifaþáttum sem voru til umfjöllunar í matsvinnunni. Röðun umhverfisþátta er í samræmi við heiti eftirfarandi kafla um umhverfisáhrif.

Umhverfisþáttur	Áhrifaþáttur
Gróður	Vegaframkvæmdir (s.s. skeringar og fyllingar, jarðvegsskipti)
Dyrhólaós	Vegagerð
Fuglalíf við Dyrhólaós	Vegaframkvæmdir og umferð
Sýnileiki og sjónræn áhrif	Framkvæmdir og ný mannvirki, hæð vegar og umferð
Ferðaþjónusta, ferðamennska og útivist	Nýr vegur, breytt aðgengi, umferð
Hljóðvist	Umferð á nýjum vegi, minni umferð á fyrri leið
Landnotkun	Vegaframkvæmdir (s.s. skeringar og fyllingar, jarðvegsskipti), umferð
Annað	Efnistaka og stækkun á námu
Efnistaka (landslag, gróður, jarðefni)	
Fornleifar	Vegagerð og önnur mannvirki
Úrgangsmál (jarðvegur)	Sorpurðun flutt utan sveitarfélagsins
Fráveita (vant og sjór)	Uppfærsla fráveitukerfis
Vá / náttúruvá	Breytt lega vega
Atvinna	Stofnun Katla jarðvangs og uppbyggingarstarfsemi sem því tengist
Aðkoma bæjarins	Möguleg gerð mannvirkja (iðnaðarsvæði austan í Vík)
Tengivegir (ýmist beint rask á náttúru og ásýndarbreytingar vegna vegagerðar)	Tengivegur með Brandslæk, Endurbygging/framlenging tengivega að Mýrdalsjökli og Sólheimajökli

3.1 Gróður

Við matið var sérstaklega litið til helstu ábendinga í athugasemdum og umsögnum vegna gildandi aðalskipulags. Þar kemur ítrekað fram sjónarmið um að áhrifasvæði nýrrar veglínu sem sett er fram í aðalskipulaginu nái til svæðis sem hefur sérstakt verndargildi m.t.t. náttúrufars. Áhersla er á að líta beri á Dyrhólaey og strönd, Dyrhólaós, og landið þar norðan við sem vistfræðilega heild. Einnig var áhersla í umræddum athugasemdum og umsögnum á að ekki liggi fyrir nægilega góð þekking/rannsóknir um svæðið og þar af leiðandi yrðu ályktanir um áhrif byggðar á veikum grunni. Með tilliti til þessara athugasemda var í matsvinnunni spurt um eðli umræddrar vistfræðilegrar heildar og hvaða þættir það eru sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna vegagerðar.

Fram kom í matsvinnunni að ávallt yrði erfitt að skilgreina áhrif vegna skorts á gögnum um náttúrufar. Til þess að bæta úr óvissu og gangnaskorti var Náttúrufræðistofnun Íslands fengin til að vinna gróðurkort sem byggist á frumgögnum frá 1976 og nær yfir stærsta hluta sveitarfélagsins. Vegna þess tíma sem hefur liðið frá kortlagningu svæðisins var farið yfir gróðurkortinu og það staffært. Gögnin sem nú eru til staðar hafa nýst vel í umhverfismatinu til að draga úr óvissu um aðstæður á svæðinu. Byggt á þessum gögnum var unnið vinnukort fyrir umhverfismatið. Kortið sýnir gróðurfar, veglínu sem er á aðalskipulagssupprætti, belti fyrir mögulega tilfærslu veglínu og mörk svæðis á Náttúruinjasrá (sbr. kort 1 ásamt gróðurlykli NÍ í viðhengi umhverfisskýrslu). Kortinu fylgir gróðurlykil með flokkun gróðurlendis í mismunandi gróðursamfélög. Undir gróðurflokkinn *votlendi* falla nokkur gróðursamfélög með mismunandi tegundasamsetningu. Rétt er að taka það fram að þessi gróðurlendi geta verið

misblaut. Á gróðurkortinu greinast því svæði sem votlendi, þótt að þau hafi verið ræst fram og orðið fyrir raski. Engu að síður bera þau einkenni gróðurlendis sem telst til votlendis (sbr. kort 1).

Vegagerð á láglandi Mýrdalsins og um jarðgöng í Reynisfjalli mun koma til með að raska votlendissvæðum og landbúnaðarlandi. Votlendissvæðin hafa orðið fyrir misjafnlega miklu raski og áhrifum landbúnaðar fyrst og fremst vegna framræslu. Sumt votlendi er þó nokkuð heildstætt eða lítt raskað. Byggt á ofanefndu gróðurfarskortu var í matsvinnunni reiknað út umfang votlendis sem verður líklega fyrir beinu raski vegna vegagerðar á kaflanum milli Reynisfjalls og tengingar við Þjóðveg vestan við Geitafjall. Miðað við 20 m breitt vegstæði má reikna með að um 9 ha votlendis verði fyrir beinu raski (kort 1).

Þá er líklegt að vegagerð breytir stöðu jarðvatns í nærumhverfi sínu og hefur þar með óbein áhrif á gróður á því svæði. Umfang þessa áhrifa eru óljós og má stýra að einhverju leyti með mótvægisáðgerðum.

Talsvert stórt óræst votlendi er vestan við Ósabakka á milli núverandi tengivegar að Dyrhólaey og Óssins (sbr. kort 1). Votlendið norðan við Ósinn hefur að stórum hluta verið ræst fram en hefur ekki verið í ræktun um langan tíma og því tekið aftur á sig votlendismynd. Minna er af votlendi en talsvert af landbúnaðarlandi við norðausturbakka Dyrhólaóss við Reynishverfi.

Í Mýrdalnum norðan við Ósinn er helst um að ræða gróðursvæði sem flokkast undir hálfdeigju, mýrar og flóa (sbr. kort 1). Fram kom í umræðum matsteymis að ákveðið samspil er milli gróðurlendis og Óssins vegna breytilegrar vatnsstöðu í Ósnum. Slík áhrif fjara út með aukinni fjarlægð frá Ósnum. Vegna breytilegrar vatnsstöðu Óssins á vatn til að flæða langt upp í landið og yfir gróðurlendið, sérstaklega við norðvesturbakkann sem er nokkuð lægri.



Mynd 1 og 2. Gróðurlendi við vesturbakka Dyrhólaós (vinstri mynd) getur farið á kaf þegar vatnsstaða hækkar í Ósnum (hægri mynd). Ljósmyndir. v: Sebastian Peters og h: Steinnþór Vigfússon

Umrædd votlendissvæði norðan við Ósinn hafa að stórum hluta verið framræst á fyrri tímum vegna landbúnaðar á svæðinu. Breytileg vatnsstaða í Ósnum og að einstaka skurðir hafa lokast í gegnum árin hefur stuðlað að endurmyndun votlendis á tilteknum svæðum, þ.e. hálfdeigju eða mýri. Lífríkið hefur aftur tekið á sig ákveðinn votlendisblæ víða í Mýrdalnum. Nær Ósnum er landið víða forblautt með hárra vatnsstöðu og hefur þar tegundasamsetningu votlenda. Meðfram Ósabakka er þó mjög misjafnt hversu blautt landið er. Við norðvesturbakka er landið frekar blautt en sendið. Austar hækkar á köflum í bakkanum og þar er landið talsvert þurrara en vel gróið. Gróðurkortuð gefur því til kynna að landið meðfram norðurbakka er misblautt.

Vegagerð er því líkleg til að raska vistkerfi (mýrar og flóar, 3 ha eða stærri) sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Í þessu mati og ofanefndum útreikningum er allt gróðurlendi með votlendistegundum meðhöndlað sem votlendi óháð því hvort svæðin hafa verið ræst fram, nýtast til beitar eða annarra landnytja.



Mynd 3. Útfall Dyrhólaóss. Ljósmynd: Jónas Erlendsson

Fram kom í matsvinnunni að vegna mannlegra aðgerða og náttúrulegrar framvindu eru Dyrhólaós og gróðurlendið ofan hans stöðugt undir áhrifum. Framræsla með skurðum, túnrækt, beit og opnun útfalls Dyrhólaóss til sjávar var helst nefnt sem áhrifaþættir.

Allt hefur þetta svæði verið undir áhrifum landbúnaðar að einhverju leyti. Þrátt fyrir inngrip manna áður fyrr hefur landið þó gildi sem votlendi og sem búsvæði fyrir plöntur og dýr. Einnig var í matsvinnunni bent á að þrátt fyrir framræslu er líklegt að breytileg vatnshæð í ósnum mun alltaf koma til með að hafa áhrif á vatnsstöðu upp að ákveðnu marki og stuðla þannig að votlendiseinkennum með tilheyrandi gróðri.

Í stefnumótun Velferð til framtíðar hafa íslensk stjórnvöld sett fram þá stefnu að forðast frekara rask votlendis eins og kostur er og þar er votlendi talið til svokallaðra lykilvistkerfa. Í matsvinnunni kom fram að erfitt er að draga skýr skil á milli votlendra svæða sem eiga að njóta verndar, s.s. vegna 37. gr. náttúruverndarlaga og annarra svæða sem hafa minna verndargildi. Ljóst er að votlendið sem er líklegt til að verða fyrir áhrifum vegna vegagerðar hefur orðið fyrir talsverðu raski, en er á köflum þó nokkuð heillegt. Við nánari athugun á seinni stigum er því nauðsynlegt að kortleggja að nýju hvaða svæði falla undir verndarákvæði náttúruverndarlaga. Einnig kom fram að stór óröskuð eða lítt röskuð mýrlend svæði eru í Mýrdalshreppi og eru þau afmörkuð í greinargerð aðalskipulags.

Líklegt er að áhrif á vatnsskipti vegna vegagerðar muni snerta lífríki a.m.k. í nærumhverfi vegarins. Gerð svokallaðra *fljótandi vega* er þekkt mótvægisáðgerð sem hefur það markmið að draga úr neikvæðum áhrifum vegagerðar á votlendi, með því að tryggja eins og unnt er að breyta sem minnst hreyfingum jarðvatns undir veginum til að halda nauðsynlegri vatnsstöðu fyrir votlend svæði umhverfis hann. Umfang áhrifa á hreyfingar jarðvatns eru óljós og þyrfti að skoða nánar á stigum framkvæmdamats. Bent hefur verið á að árangur með gerð fljótandi vegar er m.a. háður tegund votlendis og ólíkum áhrifaþáttum sem breyta stöðu jarðvatns í votlendinu (Vegagerðin 2007). Í matsvinnunni var bent á að án þess að rannsóknir hafa farið fram bendir reynslan til þess að gerð fljótandi vega tryggi ekki eðlileg vatnsskipti undir veginum. Þyngd vegar þjappar jarðvegin undir honum og nauðsynlegt verður að veita vatni í gegnum ræsi svipað og vegna hefðbundinnar vegagerðar. Ef vegur verður hins vegar lagður á vel gegndræpu efni er líklega hægt að auðvelda vatnsrennsli undir honum. Til lengri tíma er þó líklegt að gegndræpni slíkra vega minnki og/eða hverfi þegar fínefni stífla smám saman vatnsrennslið (Hlynur

Óskarsson, munnleg heimild). Þá kom fram að hugsanlegt er að með vegagerð í neðri hluta Mýrdalsins megi jafnvel stýra vatnsstreymi á þann hátt að það stuðli að frekari myndun votlendis ofan vegar. Til þess að draga úr skerðingu á votlendi í sveitarfélaginu er með aðalskipulaginu sett fram tillaga um að endurheimta votlendi í Engigarðsmýri og Rofamýri.

Niðurstaða matsvinnu er að tilfærsla þjóðveggar um Mýrdal skv. aðalskipulagi muni raska gróðurlendi sem hefur ákveðið verndargildi. Hluti þessa gróðurlendis er votlendi og nýtur verndar 37. gr. náttúruverndarlaga. Þó að votlendið hefur þegar orðið fyrir raski virðist það nokkuð heillegt, sérstaklega á þeim kafla þar sem ósinn dreifir mest úr sér við hækkun. Óvissa er um hvort framræst votlendi á fyrirhuguðu vegstæði falli undir vernd 37. gr. náttúruverndarlaga að öllu leyti eða að hluta til. Ljóst er þó að með byggingu vegar mun gróðurlendi raskast sem skv. kortlagningu gróðurfars frá 1976 frá Náttúrufræðistofnun Íslands flokkast sem votlendisgróður.

3.2 Dyrhólaós

Í matsvinnunni var leitað til ýmissa sérfræðinga í þeim tilgangi að skýra frá lykilþáttum náttúrufars og virkni þeirra. Sérstök áhersla var á að skýra sem best frá mögulegum umhverfisáhrifum á Dyrhólaós vegna þess verndargildis sem hann hefur vegna skráningar á Náttúruminjaskrá. Auk sérfræðinga í matsteyminu var leitað til Hlyns Óskarssonar (Landbúnaðarháskóla) og Agnars Ingólfssonar (Háskóla Íslands).

Dyrhólaós er á Náttúruminjaskrá. Ósinn flokkast þar undir aðrar náttúruminjar (nr. 708), þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda. Matsteymi ræddi gildi og forsendur þess að svæði eru á Náttúruminjaskrá og um verndargildi svæðisins. Fram kemur í skránni að *í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum*. Nákvæm afmörkun svæðisins er ekki í Náttúruminjaskrá en svæðinu tilheyrir skv. upptalningu í skránni einnig Loftsalahellir, Reynisdrangar, Reynisfjall og Reynisfjara.

Í matsvinnunni kom fram að forsendur fyrir skráningu óssins eru að einhverju leyti óljósar. Í Náttúruminjaskrá er ekki gert frekar grein fyrir verndargildi svæðisins þrátt fyrir það að í 68. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd komi fram að í Náttúruminjaskrá skuli lýsa sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins. Bent var á að skráningin gefi til kynna að um merkilegt svæði sé að ræða. Því má líta á skráninguna sem nokkurskonar viðvörðun sem kallar á sérstaka aðgæslu gagnvart tilteknu svæði og möguleikum sem í því felast. Fram kom að gera megi ráð fyrir að Dyrhólaós hafi verndargildi sem lykilþáttur í vistkerfi sem nær út fyrir ósinn og yfir aðliggjandi gróðurlendi. Bent hefur verið á að fullyrðing um að sjávarleirur í ósnum séu þær einu á Suðurlandi virðast ekki styðja við heimildir þess efnis. Í matsvinnunni voru nefndir fjölmargir ósar á Suðurlandi og leirur í Hornafirði.

Í tengslum við þessa umræðu var einnig spurt um sérstöðu óssins, t.d. í samanburði við aðra ósa á landinu. Bent var á að hver ós hafi sína sérstöðu og erfitt yrði að bera saman ósa frá ólíkum stöðum og svæðum. Því hefði það takmarkaða þýðingu að meta gildi óssins miðað við aðra ósa annars staðar á landinu.

Á athugasemdum við drög að umhverfisskýrslu kom hins vegar fram ábending um að Ramsar samningur um votlendi sem hafa *alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf* mundi ná til Dyrhólaós og gróðurlendis í kring vegna þýðingu þess svæðis sem viðkomustaður og/eða búsvæði fyrir votlendisfugla. Almenn ákvæði samningsins kveða á um að stuðla eigi að *verndun votlenda og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum, hvort heldur þau eru á skránni eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi*. Ekki er stefnt að stofnun friðlands utan þess svæðis sem er á Náttúruminjaskrá, hvorki í Náttúruverndaráætlun eða Aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Í matsteyminu var bent á að ósinn og nærumhverfi hans tekur sífelldum breytingum bæði vegna náttúrulegra ferla og aðgerða manna. Ósbakkar, dýpt (botninn), vatnshæð og stærð eru þættir sem stöðugt breytast. Ósinn er mjög grunnur en efnisburður með ám og lækjum hefur veruleg áhrif á hve grunnur hann er. Þá veldur vatnságangur rofi í bökkum óssins. Með því grynast ósinn enn frekar. Árstímabundnar breytingar á vatnsborði eru samfara miklum breytingum á flatarmáli óssins.

Ósnum hefur verið lýst með staðháttalýsingu í skýrslu Veiðimálastofnunar frá 1990. Þar kemur fram að: „Dyrhólaós er allstórt en grunnt (víðast undir 2 m) sjávarblendið lón í V-Skaftafellssýslu. Mestar grynningar eru í vestur hluta óssins. Sjór gengur inn Útfallið á flóði og á föllum er þar töluverður straumur. Selta er mjög breytileg eftir því hvort flóð er eða fjara. Algeng selta á stórum svæðum er 10-20 % [breyting frá % í % er leiðrétting skýrsluhöfundar]. Hún er að jafnaði hæst næst Útfallinu og þar eru seltubreytingarnar mestar (10-34 % [breyting frá % í % er leiðrétting skýrsluhöfundar].) [...]. Í ósinn renna nokkrar ár og lækir og eru þeirra helst, Hvammsá, Deildará og Brandslækur [...]. Árnar eru að stofni til dragár. Þær eru stutt að komnar og því fremur kaldar. Vatnshiti í ósnum virðist að miklu leyti háður lofthita (Veiðimálastofnun óbirt gögn). Botn er víðast leðju- og leirkenndur en næst ósnum er óstöðugur sandbotn. Útfall Dyrhólaóss á það til að lokast. Við það hækkar í honum (allt að 1 m), og sjór flæðir ekki inn.“ (Veiðimálastofnun, 1990).

Náttúrulegir þættir sem breyta ósnum og umhverfi hans eru sjávarflóð, stíflun útfalls, landbrot í bakkanum, breytingar á dýpt (verður grynri) og flatarmál (stækkar). Áhrifaþættir af mannavöldum eru helst að útfalli óssins er haldið opnu til að stýra útstreymi til sjávar. Framræsla mýra hefur einnig breytt vatnafari óssins og landbúnaður getur haft áhrif á efnasamsetningu vatns.

Ósar eru mikilvægir fæðuöflunarstaðir vaðfugla en þar finnast gjarnan leirur sem eru orkuuppspretta fyrir fuglalíf. Vistfræðilega eru það ýmsir þættir vatnafars sem gegna lykilhlutverki í því að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir slík svæði. Án þess að það hafi verið rannsakað má í tilfelli Dyrhólaóss ganga út frá því að ferskt vatn með miklum lífrænum næringarefnum skilar sér í gegnum læk, skurði og jarðveg niður Mýrdalinn og í ósinn. Með vatninu berast í ósinn fínefni sem falla út og mynda leirubotn þar sem er skjól frá straumum í ósnum.

Breytingar í vatnshæð og vatnsmagnið í ósnum eru undir áhrifum frá flóði og fjöru en einnig hefur vatnsrennsli ofan úr dalnum áhrif. Vatnsstaðan í ósnum verður hæst þegar útfallið lokast. Á flóði berst saltvatn í ósinn og með honum næringar- og steinefni sem minna er af í ferskvatni. Vatnsflæði ofan úr mýrum og niður í ósinn er frá náttúrunnar hendi líklega nokkuð reglulegt. Votlendi hafa þann eiginleika að dempa miklar sveiflur í vatnsmagni vegna ytri áhrifa, s.s. vegna mikillar rigninga eða leysinga. Skurðir og ræsi geta þó dregið talsvert úr slíkri náttúrulegri dempun þar sem í þau safnast rennandi vatn og það skilar sér hratt niður í ósinn. Þar með getur vatnsflæði í ósinn orðið óreglulegt og sveiflukennt. Óreglulegur framburður næringarefna frá landi er líklega óhagstæðari fyrir lífríki sem er háð reglulegu vatnsstreymi. Komi ferskvatn í breytilegu magni og á breytilegum hraða hefur það áhrif á blöndun sjávarvatns og ferskvatns í ósnum. Efnasamsetning verður líklega breytileg, sem aftur hefur bein áhrif á lífríkið sem er háð reglulegri framleiðslu fæðu í ósnum. Líklegt er að þessi þróun hafi átt sér stað við framræslu mýra í Mýrdalnum og dregið verulega úr dempun. Af vettvangsferð og loftmyndum má ráða að ferskvatn úr Mýrdalnum skilar sér nokkuð hratt og ódempað um skurði, læk og ár í Dyrhólaós. Fuglalíf í ósnum virðist þó mikið og er það vísbending um að ósinn er áfram mikilvægur fæðuöflunarstaður sem uppfyllir lífsskilyrði votlendisfugla þrátt fyrir ofanefnd rask á votlendi.

Í ljósi þess að Dyrhólaós hefur áður verið undir talsverðum áhrifum landnotkunar vaknar sú spurning hvort vegagerð í norðurjaðri hans sé líkleg til að hafa merkjanleg áhrif á þessa ferla. Verði lagður vegur norðan við ósinn þarf að leiða vatn í gegnum veginn á nokkrum stöðum. Almenna reglan er sú að slík ræsi eru sett þar sem hefðbundnir farvegir vatns eru. Búast má þó við að vegur breytir jarðvatnsflæði en umfang þessara áhrifa er háð því hversu vel tekst til með mótvægisáðgerðum að draga úr þessum áhrifum.

Fram kom í umræðum matsteymis að tilteknaðar áðgerðir eins og að leggja fljótandi veg og að tryggja vatnsskipti með rásum eigi að geta dregið úr áhrifum vegagerðar á vatnsflæði. Óvíst er hvort svokallaður *fljótandi vegur* tryggir flæði vatns þar sem hann virkar sem farg á jarðvegin og getur þannig virkað sem veggur fyrir flæðandi vatn. Verði lagt gegndræpt efni undir veginn gæti vatnsflæði haldið áfram undir veginn og þar með komið að einhverju leyti í veg fyrir rýrnun á dempunarhlutverki votlendis. Slíkt gegndræpt lag gæti þó stíflast með tímanum, sérstaklega þegar rennslishraði jarðvatns er lítil (Hlynur Óskarsson, munnleg heimild). Slíkar mótvægisáðgerðir þarf að skoða betur við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Byggt á upplýsingum sem hafa komið fram í matsvinnunni er ekki talið líklegt að Dyrhólaós komi til með að umbreytast af völdum vegagerðar ef þess verður gætt að vatnsflæði í og úr ósum verða áfram með þeim hætti að ósinn geti gegnt hlutverki sínu sem fæðuöflunarstaður fyrir votlendisfugla. Hins vegar var til umfjöllunar sá möguleiki að leggja veginn að hluta til um ósinn sjálfan í og með bökkum hans. Með þessu má draga úr beinu raski á votlendi ofan óssins. Hins vegar er ljóst að vegagerð um ósinn hefði mikil áhrif á strauma og blöndun fersks og salts vatns.

Dæmi um veg meðfram ósbakka og leirum er þjóðvegur milli Hafnar í Hornafirði og Almannaskarðs. Þar er talsverður landbúnaður og þjóðvegur sem liggur á kafla á bökkum óssins. Leirur í Skarðsfirði eru taldar vera mjög lífríkar og gegna hlutverki sínu sem fæðuöflunarstaður votlendisfugla en þær eru einnig á Náttúruminjaskrá. Í matsvinnunni var bent á Skarðsfjörð sem dæmi þar sem vegur og landbúnaður ógna ekki tilveru óssins og vistfræðilegu hlutverki þess.

Að teknu tilliti til þess sem hefur komið fram í matsvinnunni um ýmsa eðlisþætti Dyrhólaóss má álykta að vegagerð utan svæðis á Náttúruminjaskrá breytir litlu í grundvallatriðum. Tilvist óssins sem leirur og fæðuöflunarstaður virðist ekki í hættu vegna áforma um vegagerð verði þess gætt að vatnsstraumar í ósinn verða að mestu óbreyttir. Ljóst er þó að einhverjar breytingar verða á vatnafari með tilkomu vegar. Ekki er líklegt að ytri aðstæður sem hafa áhrif á ósinn, þ.e. vatnsflæði úr Mýrdalnum og áhrif sjávarfalla komi til með að breytast.

Dyrhólaós tekur reglulegum breytingum bæði vegna inngripa manna og frá náttúrunnar hendi. Verndargildi óssins sem náttúruminja tengist fyrst og fremst gildi hans fyrir fuglalíf á svæðinu sem og fugla sem eru á farleiðum. Niðurstaða matsvinnu er að ekki er talið líklegt að ósinn verði fyrir verulegum áhrifum vegna vegagerðar um landið ofan óssins. Lykilatriði er þó að ekki verði umtalsverð breyting á flæði vatns af votlendi ofan við hann. Einnig er mikilvægt að taka tillit til þess að áhrif ósar á jarðvatnsstöðu ofan hans fjara út því fjær sem farið er. Verði vegur lagður um ósinn eða á bökkum hans getur ósinn orðið fyrir beinu raski. Vegur á bökkum eða í ósum myndi liggja um svæði sem er afmarkað í Náttúruminjaskrá.

3.3 Fuglalíf við Dyrhólaós

Án þess að sérstök úttekt hafi verið gerð vegna aðalskipulagsvinnunnar þykir ljóst að fuglalíf í Mýrdalshreppi er mjög fjölbreytt. Í matsvinnunni kom fram að sveitarfélagið er þekkt fyrir stórt kríuvarp í Vík og fuglabjörg í Reynisfjalli og Dyrhólaey. Áhersla matsvinnu var þó á þá fugla sem hafa Dyrhólaós og aðliggjandi gróðurlendi sem búsvæði eða fæðuöflunarsvæði.

Í matsvinnunni kom fram að Dyrhólaós hefur ákveðnu hlutverki að gegna fyrir fuglalíf. Líta ber á ósinn og gróðurlendið fyrir ofan hann sem eitt búsvæði og/eða dvalar- og viðkomusvæði fyrir fugla. Þar eru til staðar vistfræðilegar forsendur fyrir ríku fuglalífi, sérstaklega fyrir votlendistegundir og farfugla. Farfuglar fara um svæðið einkum að vori og síðsumars en þeir náttu sig gjarnan í slíkum ósum en fljúga upp á beitið á daginn. Var því m.a. bent á að fyrirhuguð veglína gæti legið þvert á flugleiðir þessara fugla en umfang áhrifa þess væru óljós.

Í athugasemdamynd við drög að umhverfisskýrslu var bent á að ákvæði Ramsar samningsins munu ná til Dyrhólaóssins. Þó að Dyrhólaós sé ekki á skránni yfir íslensk votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi er rétt að almenn ákvæði samningsins gætu náð til óssins. Eins og kemur fram í kafla 3.1 um gróðurfar, er í samningnum gert ráð fyrir að samningsaðilar stuðli að vernd votlenda með því að stofna þar friðlönd. Eins og kom fram í kafla 3.2. um Dyrhólaós er ekki talið líklegt að áform um vegagerð ógni sérstöðu óssins og hlutverki hans sem fæðuöflunarstaður fyrir fuglalíf verði gripið til viðeigandi mótvægisáðgerða til að viðhalda vatnsbúskap óssins.

Fyrirvara þarf að hafa varðandi möguleg áhrif vegagerðar á fuglalíf en á Íslandi er almenn óvissa um umfang slíkra áhrifa. Áhrif umferðar á fuglalíf hefur verið til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum fjölda framkvæmda en ekki verið rannsakað. Sem dæmi má nefna frummatsskýrslu vegna hringvegjar um Hornafjörð (Vegagerðin 2008) eða frummatsskýrslu vegna Norðausturvegar til Vopnafjarðar (Vegagerðin 2007). Almennt er þar greint frá því að umferð kann að valda truflun en ekki er frekar skýrt frá umfangi



eða eðli áhrifa. Mat á áhrifum er vanalega byggt á líklega beinu raski á varpsvæðum og fæðuöflunarsvæðum, tegund og verndargildi fugla m.t.t. válista, alþjóðasamninga sem gilda m.a. um verndun fuglalífs (Bernar samningur og Ramsar samningur), fjölbreytni tegunda á áhrifasvæði og þéttleiki varps.

Rætt var um möguleika þess að fuglar aðlagist breytingum sem verða vegna vegagerðar og tilheyrandi umferðar. Einnig voru í matsteyminu almennar umræður um þróun fuglalífs á svæðinu og bent á að það hafi tekið talsverðum breytingum í gegnum tíðina og ekki síst á síðustu árum. Fyrir því eru þó ekki til skriflegar heimildir eða rannsóknargögn.

Miðað við aðstæður á svæðinu er líklegt að fuglafána áhrifasvæðis sé fjölbreytt, en ákveðin óvissa er um nákvæma samsetningu hennar. Fjöldi fugla á svæðinu er líklega háður fæðuöflun í Dýrhólaós, sérstaklega farfugla sem koma þar við vegna fæðuframboðs í ósnum. Í athugasemdum um drög að umhverfisskýrslu var bent á að stórir hópar farfugla og votlendisfugla hafa viðkomu eða dvöl í ósnum. Tegundir sem voru nefndar eru jaðrakan, helsingjar og heiðagæsir. Aðgengi manna að svæðinu er gott og það heimsótt af fuglaskoðurum og því ekki um gjöróþekkt svæði að ræða. Í framhaldi af ofangreindum athugasemdum var einnig lögð fram samantekt á fuglatalningu á Dýrhólaósi og nágrenni í seinni hluta apríl 2010, sbr. eftirfarandi töflu. Tekið er fram að samsetning fuglalífs getur verið mjög ólík á mismunandi árstímum. Við umrædda talningu var áberandi stór hópur jarðrakana vestast í ósnum eða rúmlega þriðjungur fuglana sem sáust í þeirri talningu.

Tafla 3. Talning í Dyrhólaósi og nágrenni 22. apríl 2010. Talið af Jóhanni Óla Hilmarssyni, Edward B. Rickson og Hrafn Svavarssyni.

	Reynir	Presthús	Garðar	Ós austanv.	Pórish./Reynish.	Miðbik óssins	Ós vestast	Samtals
Álft						2		2
Heiðagæs	103				188		2	293
Grágæs					18	12	2	32
Helsingi					233			233
Rauðhöfðaönd				18		8	25	51
Stokkónd						14	19	33
Skúfönd						4		4
Duggönd				10				10
Æður				200				200
Fýll				1			6	7
Tjaldur	7	2	50	5	2	36	19	121
Heiðlóa	164	70	30	1	6	10		281
Lóuþræll							1	1
Hrossagaukur		4		105	10	30	5	154
Jaðrakan	1	5				70	1250	1326
Spói				2		3		5
Stelkur				1		70	45	116
Bjargdúfa	1							1
Skúmur							1	1
Hettumáfur	1			1		57		59
Sílamáfur				30		35		65
Silfurmáfur				6				6
Klapparmáfur						1		1
Svartbakur				15		11		26
Rita				13				13
Skógarpröstur	2	150						152
Hrafn	1							1
Alls	280	231	80	408	457	363	1375	3194

Mikilvægi Dyrhólaós fyrir votlendis- og farfugla er þekkt en lagt er til að fuglalíf á svæðinu verði kortlagt nánar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, m.a. til þess að ganga úr skugga um hvort tegundir með verndargildi séu á áhrifasvæði vegar og möguleg áhrif á þær. Óvissan um fuglalíf á svæðinu er ekki það mikil að hún takmarki möguleika til að móta stefnu um tilfærslu hringvegjar í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Það sem vitað er um fuglalíf á svæðinu bendir til þess að gæta þurfi að lykilhlutverki Dyrhólaóss sem grundvöllur fyrir ríkt og sérstætt fuglalíf á svæðinu. Takist að tryggja vatnsbúskap óssins í núverandi mynd er líklegt að áhrif á fuglalíf vegna vegar og umferðar verði ekki veruleg.

Líklegt er að fuglalíf í björgum Reynisfjalls verði fyrir truflun af jarðgangagerð á framkvæmdatíma. Til að draga úr neikvæðum áhrifum er hægt að haga framkvæmdum við gangamunna utan varptíma.

3.4 Annað dýralíf

Brekubobbi hefur fundist í austurhlíðum Reynisfjalls ofan við Vík og í matsvinnunni var litið til mögulegra umhverfisáhrifa vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Fyrirhuguð jarðgangagerð og gerð gangamunna mun valda raski á afmörkuðu svæði í hlíðum Reynisfjalls. Í matsvinnunni kom fram að allstórt svæði, þ.e. hvannstöð sem telst helst vera búsvæði brekkubobbans verður ekki fyrir raski vegna framkvæmda.

Brekubobbinn nýtur verndar samkvæmt þingsályktun um Náttúruverndaráætlun 2009-2013 (Alþingi, 2010).



Mynd 4. Brekubobbi. Ljósmynd: Þórir Kjartansson

3.5 Sýnileiki og sjónræn áhrif

Tilgangur með greiningu á sjónrænum áhrifum var að skilgreina sjónræn einkenni svæðisins og hversu áberandi vegur muni vera í landslaginu. Fjallað er um möguleg áhrif vegamannvirkja á upplifun, með áherslu á gildi svæðisins fyrir ferðapjónustu. Megin áhersla í matinu var á það hvort vegur muni sjást frá helstu stöðum sem hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Mýrdalshreppur er vinsæll áfangastaður ferðamanna. Vinsælustu áfangastaðirnir eru Sólheimajökull, Mýrdalsjökull, Dyrhólaey, Reynisfjara, Vík ásamt Víkurfjöru, Þakgil og Hjörleifshöfði. M.t.t. vegtenginga er aðgengi gott að flestum þessum stöðum að undanskildum Sólheimajökli og Mýrdalsjökli. Þar er aðkoman misgóð vegna breytlegs ástands vegarins. Í nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að bæta úr því í samstarfi við Vegagerðina.

Vinsælasta myndefnið í nágrenni mögulegs áhrifasvæðis vegagerðar tengist líklega Dyrhólaey, Reynisfjöru og Víkurfjöru. Þekktastir eru líklega drangar í sjó bæði við Dyrhólaey og Reynisfjall.

Með nýjum vegi um Mýrdalinn verður til leið með opnu og fjölbreyttu landslagi. Bent var á í matsvinnunni að ferðin um þetta landslag getur aukið upplifun ferðamanna á svæðinu.

Sýn til vegar: Áberandi einkenni landslags sem vegur um Mýrdal mun liggja um eru Dyrhólaós, víðfeðmt gróðurlendi, sýn til Reynisfjalls, Dyrhólaeyjar og fjallendis með Mýrdalsjökul í bakgrunni. Val á mögulegu vegstæði skv. nýju aðalskipulagi byggist á þeirri forsendu að vegur fari um láglent opið landslag og forðast verði mishæðir. Ljóst er að nýr vegur um láglendi Mýrdalsins mun verða áberandi og blasa við í opnu landslagi. Tilkoma vegarmannvirkja í landi þar sem áður fyrr er lítið af stærri mannvirkjum eru talin til neikvæðra umhverfisáhrifa.

Í athugasemdum við drög að umhverfisskýrslu var bent á að draga megí úr neikvæðum sjónrænum áhrifum vegagerðar með því að færa veginn sem fjærst ósnum, án þess að það sé rökstutt frekar.

Dyrhólaey: Í Dyrhólaey byggist upplifun fyrst og fremst á útsýni yfir haf og fjöru og sýn á tilkomumiklar klettamyndanir í sjárvarhömrum. Þá er Dyrhólaey vinsæll staður til að skoða sjófugla, sérstaklega lunda, ritu og fyl. Álag á náttúrufar Dyrhólaeyjar vegna fjölgandi heimsókna ferðamanna hefur aukist talsvert á síðustu árum. Meðal annars vegna þessa álags hafa Umhverfisstofnun, Mýrdalshreppur og Siglingastofnun sameiginlega unnið að deiliskipulagi fyrir Dyrhólaey, sem var staðfest árið 2005. Í júní 2011 gerðu Umhverfisstofnun og sveitarfélagið með sér samning um umsjón og rekstur friðlandsins í Dyrhólaey. Samkvæmt honum er nú unnið að verndaráætlun fyrir friðlýsta svæðið.

Víða á eyggi mun vegur um Mýrdalinn vera sýnilegur, sérstaklega á þeim kafla þar sem hann mun liggja ofan við norðausturbakka Dyrhólaóss og að Reynisfjalli sbr. mynd 1. og 2. í viðauka 1. Til þess að sjá veginn frá Dyrhólaey liggja norðvestan við Dyrhólaós þarf að ganga á norðvesturhluta eyjunnar, sbr. mynd 3.

Reynisfjara: Í Reynisfjöru tengist upplifun fyrst og fremst sjónum og útsýni til Reynisdranga og Dyrhólaeyjar. Þar er vinsælt að skoða tilkomumikla stuðlabergsmyndanir og móbergshelli undir Reynisfjalli. Frá Reynisfjöru verður líklega ekki hægt að sjá veg sem liggur um norðurbakka Dyrhólaóss. Ekki er líklegt að vegagerð um Mýrdal með göngum um Reynisfjall muni breyta upplifun ferðamanna í Reynisfjöru.

Víkurfjara: Víkurfjara er fjölsótt af heimamönnum og ferðamönnum sem heimsækja Vík. Hringvegur á milli Víkurfjöru og þorpsins er líklegur til að skerða aðgengi að fjörunni að hluta og vera verulega áberandi mannvirki. Ekki er þó víst að mikið muni sjást til vegar úr Víkurfjöru en gera má ráð fyrir að framlengdur varnargarður Siglingastofnunar verði á milli fjöru og vegamannvirkja. Gott aðgengi að ströndinni hefur verið kostur fyrir ferðamenn sem dvelja eða gista í Vík og vinsælt er bæði á meðal ferðamanna og heimamanna að ganga niður í fjöru. Með undirgöngum má halda aðgenginu að Víkurfjöru opnu en vegur og umferð munu þó draga úr upplifunargildi strandarinnar á viðkomandi kafla. Hvort vegurinn verði sýnilegur frá Víkurfjöru er háð endanlegri hæð vegar þar sem gamli sjóvarnargarðurinn sem liggur meðfram fjörunni skýlir sýn á bæinn sbr. mynd 3.3 í viðauka.

Í athugasemdum við drögum að umhverfisskýrslu var bent á að auk þess að vera vinsælt til útivistar er Víkurfjara mikilvæg fyrir ímynd sveitarfélagsins en hún tilheyrir ákveðinni heild sem samanstendur af bænum, Reynisfjalli, sjávarhömrum, ströndinni og sjónum. Einnig kom þó fram að Víkurfjara er sífellt að breytast vegna ágangs sjávar og aðgerða sem gripið er til með því markmiði að verja byggð og land. Í tengslum við það hefur verið ráðist í ýmsar aðgerðir til að stýra aðstæðum. Þessar aðgerðir eru bygging varnargarða í fjöruborði og út í sjó og uppgræðsla. Miklar hreyfingar og umbreytingar eru á svæðinu, ekki síst vegna varnarmannvirkja og stefnan er áfram að verjast ágangi sjávar. Áform eru uppi um nýtt varnarmannvirki sem eru fólgin í endurnýjun og/eða framlengingu núverandi varnargarðs. Það má því færa rök fyrir því að strandlengjan fyrir neðan Vík er að talsverðu leyti manngerð vegna aðgerða til varnar byggðar og lands. Mikilvægt er að ströndin gegni áfram sínu hlutverki með aðdráttarafl fyrir útivistarfólk og gesti. Á síðari stigum hönnunar og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda þarf m.a. að vinna þversnið á strönd, varnargörðum og vegi til að gera betur grein fyrir áhrifum á upplifun í fjörunni.

Loftsalahelli: Loftssalahelli er hellir við núverandi veg að Dyrhólaey, sunnan í Geitafjalli. Aðkoma fyrir ferðamenn að hellinum er ekki skipulögð, þ.e. hvorki er merktur stígur né skilti eða aðstaða. Hellirinn er þó opinn fyrir almenning. Með því að klifra upp að hellinum fæst gott útsýni yfir núverandi veg að Dyrhólaey og yfir Dyrhólaós. Þaðan mun vegur blasa við mjög greinilega sbr. mynd 5a og 5b.

Niðurstaða matsvinnu vegna sjónrænna áhrifa er að nýr Hringvegur um Mýrdal mun verða mjög sýnilegur en hann kemur að mestu til með að liggja um mjög opið landslag. Fyrir akandi ferðamenn er það talið vera kostur vegna útsýnis frá vegi. Ásýndarbreytingin í opnu landslagi og tilkoma vegar í mikilli nálægð við vinsæla ferðamannastaði eru talin til neikvæðra umhverfisáhrifa. Þau verða líklega fyrst og fremst í Víkurfjöru og neðan við Loftssalahelli.

3.6 Ferðapjónusta, ferðamennska og útivist

Í eftirfarandi kafla er gerð grein fyrir helstu atriðum sem hafa komið fram í matsvinnunni og snúa að ferðapjónustu, ferðamennsku og útivist í Mýrdalshreppi.

Í matsteyminu kom fram að öruggar og greiðar samgöngur geta almennt haft jákvæð áhrif á þróun ferðapjónustu. Einnig kom fram að uppbygging samgöngumannvirkja og vaxandi umferð geti haft neikvæð áhrif á þróun ferðapjónustu, sérstaklega ef hún er byggð á náttúruupplifun. Eðli og umfang þessara áhrifa eru háð mörgum og fjölbreyttum undirliggjandi þáttum og aðstæðum.

Bent var á að flestir ferðamenn heimsækja Ísland til að skoða og upplifa náttúru landsins. Vaxandi straumur ferðamanna með tilheyrandi uppbyggingu innviða er þó einnig ákveðin ógn við náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun hefur greint ástand friðlýstra svæða m.t.t. álags. Dyrhólaey er þar talin til svæða á rauðum lista sem þýðir að svæðið er undir miklu álagi og að bregðast þurfi strax við með tilteknum aðgerðum. Í matsvinnunni kom fram að greining á náttúrulegum og félagslegum þolmörkum svæða og ferðamannastaða er mikilvæg til þess að tryggja gæði þeirra og verður að fara saman við fjölgun ferðamanna.

Vinsælir áfangastaðir ferðamanna sem nefndir voru í matsteyminu eru Sólheimajökull, Mýrdalsjökull, Dyrhólaey, Reynisfjara, Reynisfjall, Loftsalahellir, Víkurfjara, Þakgil og Hjörleifshöfði.

Af þeim stöðum sem eru eftirsóttastir í hreppnum er líklegt að Víkurfjara verði fyrir mestum neikvæðum áhrifum vegna fyrirhugaðrar vegagerðar og umferðar sem mun fara um veginn. Núverandi fjara með Reynisfjalli hefur mikla sérstöðu og er vinsælt ljósmyndunarefni ferðamanna. Fjaran hefur einnig talsvert útivistargildi fyrir heimamenn. Jarðgangamunni, vegamannvirki og umferð við fjöruna gætu dregið úr gildi staðarins sem ferðamannastaðar. Aðgengi að fjörunni mun breytast en í matsvinnunni kom fram að það hefur verið kostur hversu auðvelt hefur verið að ganga úr bænum niður í fjöru. Í skipulagsvinnunni var bent á þann möguleika að færa vegtengingu nýs vegar vestur fyrir Víkurskála. Með þessu verður ekki breyting á aðgengi frá tjaldsvæði, hóteli í Vík og Víkurskála niður í fjöru. Ferðamenn fara gjarnan frá þessum stöðum niður í fjöru.

Þá er líklegt að vegamannvirki verði að einhverju leyti sýnileg úr fjörunni og líklegt að heyrast muni í umferð sem fer um veginn. Einnig kom fram að flóðvarnagarður Siglingastofnunar mun verða framlengdur í átt að Reynisfjalli. Með tilliti til þessa er líklegt að garðurinn virki sem hljóðmön og loki sýn til vegar úr fjörunni. Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda þarf að skoða nánar mögulegar mótvægisáðgerðir til þess að tryggja áfram gott aðgengi að fjörunni og draga sem kostur er úr neikvæðum áhrifum á upplifun.

Bent var á að vegur um Mýrdalshrepp gæti haft neikvæð áhrif á upplifun á náttúrunni við Dyrhólaós. Einnig var bent á að hreppurinn býr yfir fjölda staða fyrir ferðamenn sem vilja upplifa náttúru. Mikilvægur liður stefnumótunar sveitarfélagsins er að efla ferðaþjónustu sem atvinnugrein í sveitarfélaginu og gert er ráð fyrir að hún byggist fyrst og fremst á sérstöku náttúrfari í sveitarfélaginu.

Fram kom í matinu að fuglaskoðendur eru sífellt stækkandi hópur ferðamanna og mikilvægur liður í náttúrutengdri ferðamennsku. Dyrhólaós og umhverfi hans teljast til áhugaverðra fuglaskoðunarstaða á Suðurlandi.

Varðandi aðgengi að ferðamannastöðum kom fram í matsvinnunni að almennt er aðgengi að helstu áfangastöðum ferðamanna gott að undanskilinni erfiðri vegtengingu við Sólheimajökul. Bætt vegtenging að Sólheimajökli og Mýrdalsjökli, sem stefnt er að með nýju aðalskipulagi, hefur jákvæð áhrif á aðgengi og öryggi vegfarenda.

Með vegi og jarðgöngum um Reynisfjall færast Reynisfjara í nálægð við alfaraleið en í dag þarf að fara um 6 km frá Hringvegi til suðurs á Reynishverfisvegi (nr. 215) til þess að komast í fjöruna. Þá var í matsvinnunni bent á að með nýjum vegi um Mýrdal og beinu aðgengi að Reynisfjöru mun líklega draga úr umferð um Reynishverfi.

Katla jarðvangur

Stýrihópur endurskoðunar aðalskipulagsins telur að ferðaþjónusta sé mikilvæg atvinnugrein í Mýrdalshreppi. Með nýju aðalskipulagi er stefnt að því að stuðla enn frekar að því að ferðaþjónusta haldi áfram að vaxa sem atvinnugrein. Í tengslum við þetta er litið á opnun jarðvangs (e. Geopark) í samvinnu við nágrannasveitarfélög sem lyftistöng fyrir atvinnulíf. Í umræðu um Kötlujarðvang í matsvinnunni kom fram að reglulega munu gæði og rekstur jarðvangsins verða endurmetin. Með tilliti til þessa þyrfti að horfa til þess hvort framkvæmdir eða tiltekin starfsemi geti haft áhrif á gildi tiltekins svæðis út frá forsendum og stöðu þess innan jarðvangs. Í umsókn Kötlujarðvangs um aðild að evrópskum samtökum um jarðvanga er greint frá stefnu sveitarfélagsins um vega- og jarðgangagerð. Í september 2011 var aðild jarðvangsins að evrópska og jafnframt alþjóða tengslaneti jarðvanga (e. European Geopark Network og UNESCO Global Geoparks Network) formlega samþykkt.

Niðurstaða matsvinnu er að áform um uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu í sveitarfélaginu í samræmi við hugmyndafræði jarðvanga er líkleg til að vera jákvæð m.t.t. umhverfisins. Með þessu er þróun ferðaþjónustu í sveitarfélaginu sett ákveðin stefna sem m.a. tekur tillit til sjálfbærnisjónarmiða. Þetta er líklegt til að fyrirbyggja rask á náttúrunni vegna aukins álags sem getur orðin með fjölgun ferðamanna.

Tilfærsla hringvegjar mun hafa neikvæð áhrif á notkun Víkurfjörú til útivistar fyrir ferðamenn. Umfang áhrifa er hins vegar óljóst vegna óvissu um sýn til vegar og möguleg áhrif vegna umferðarhávaða. Vegur sunnan Víkur er líklegur til að skerða aðgengi úr bænum í Víkurfjörú en mótvægisáðgerðir geta líklega dregið úr þessum neikvæðu áhrifum. Nefndar hafa verið ýmsar áðgerðir s.s. gerð undirganga til að tryggja gott aðgengi, bygging áninga- og útsýnisstaða og að auðvelda aðgengi að fjöru austan við nýja sjóvarnagarðinn.

Mest mun fyrirhugaður vegur sjást frá Loftsalahelli. Í dag er hann opinn almenningi en þar er engin aðstaða fyrir ferðamenn. Aðrir af helstu ferðamannastöðum í sveitarfélaginu verða fyrir minni eða engum beinum áhrifum vegna tilkomu vegar, þ.e. fyrst og fremst með tilliti til sýnileika mannvirkja, sbr. kafla um sjónræn áhrif.

3.7 Hljóðvist

Áhrif aðalskipulags á hljóðvist verða fyrst og fremst vegna stefnu um að færa Hringveginn úr þéttbýli í suðurjaðar byggðar. Á meðan tilfærsla vegarins hefur jákvæð áhrif á hljóðvist innanbæjar verður hljóðvist lakari í nágrenni við nýja veglínu. Gera má ráð fyrir að vegna umferðar muni upplifun ferðamanna af Víkurfjörú verða neikvæð, m.a. vegna áhrifa á hljóðvist, en framlenging flóðvarnargarðs mun líklega draga úr neikvæðum áhrifum á hljóðvist. Fjaran hefur mikið aðdráttarafl og er einn helsti áfangastaður ferðamanna sem heimsækja Vík. Í umræðum matsteymis var bent á að vegna þessara áhrifa gæti orðið nauðsynlegt að tryggja aðgengi og beina ferðamönnum austar á ströndina þar sem vegur mun ekki liggja nálægt ströndinni.

Einnig verður hljóðvist lakari í skilgreindri frístundabyggð, sem vegurinn liggur í nágrenni við.

Gæta þarf að hljóðvist þeirrar byggðar sem stendur næst veginum þar sem hann mun liggja. Miðað við núverandi legu Hringvegjar 1 um Vík eru áhrif á hljóðvist talin verða jákvæð. Ólíklegt er að hljóð frá umferð komi til með að vera yfir viðmiðunarmörkum skv. reglugerð 724/2008 um hávaða.

3.8 Landnotkun

Í matsvinnunni fór fram umræða um verndargildi og verðmæti á landi og gróðri sem nýtt er á ólíkan hátt. Var m.a. spurt hvort tún hefðu minna verndargildi heldur en votlendi.

Greint var frá því að landbúnaðarland getur verið misverðmætt út frá sjónarhóli búskapar. Fram kom að þar sem landbúnaður er að dragast saman og landnotkun hefur breyst, s.s. í skógrækt eða hrossabeit má færa rök fyrir því að ræktað land hafi minna gildi en land sem einkennist af blómlegum búskap.

Á áhrifasvæði veglínu eru tún sem virðast lakari í samanburði við ræktað land í háum gæðaflokk. Út frá náttúruverndarsjónarmiðum yrði ekki mikil eftirsjá að slíkum tünnum. Hins vegar er lítið eftir af öröskuðu mýrlendi á svæðinu en það hefur meira verndargildi út frá sjónarhóli náttúruverndar.

Mýrdalshreppur boðaði landeigendur á fund til að fá fram upplýsingar um hvers konar landnotkun fer undir veglínu. Ekki mættu allir landeigendur á fundinn og því liggja ekki fyrir jafn ítarlegar upplýsingar og vænst var til. Niðurstaða fundarins var sú að heppilegra væri að veglína lægi um bakka Dyrhólaóss en um ræktarland.

Byggt á gróðurkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur verið reiknað út hvers konar gróðurlendi er að fara undir veglínu, m.v. 20 m breitt vegsvæði. Niðurstaða þeirra útreikninga er að 9 ha lands með votlendistegundum fer undir veglínu en 5,2 ha af ræktuðu landi. Eðli ræktaða landsins sem raskast er mismunandi s.s. tún og rófurækt. Heildarrask á landi vestan Reynisfjalls er 19,2 ha, þar af eru 1,2 ha á svæði sem er á Náttúruminjaskrá.

3.9 Annað

Efnistaka. Í gildandi og samkvæmt tillögu að nýju aðalskipulagi er stórt svæði norðaustarlega í sveitarfélaginu tekið frá fyrir mögulega efnistöku á vikri. Mat á umhverfisáhrifum vegna þessarar efnistöku hefur farið fram (Hönnun, 2002). Ekki var talið að efnistakan muni valda umhverfisáhrifum sem þarf að bregðast við. Svæðið er staðsett á Mýrdalssandi austur og norðaustur frá Hafursey. Um er að ræða gróðursnauða sanda og mól sem reglulega flæðir yfir vegna flóða undan Mýrdalsjökli. Talsverð óvissa er um framtíð verkefnisins, m.a. vegna fjarlægðar frá markaði og hafnaraðstöðu. Afmörkunin takmarkar ekki aðra landnotkun.

Einnig er með nýju aðalskipulagi stefnt að aukinni heimild fyrir efnistöku í námu við Eystri-Sólheima (E19) í allt að 150.000 m³. Um er að ræða raskað svæði sem má nýta betur án þess að auka stærð raskaða svæðisins verulega. Náman er vel staðsett og ekki sýnileg frá alfaraleið. Svæðið sem skilgreint er sem efnislosun, E19b, mun breytast. Helstu breytingarnar snúa að ásýndarbreytingum. Frístundabyggð er næst, en þar er enn sem komið er fá frístundahús. Áhrif breytinganna eru talin óveruleg.

Fornleifar / minjar. Víða í sveitarfélaginu eru fornleifar og minjar. Þegar nákvæmlega vegarins verður ákveðin þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins fyrir því að raska fornleifum og/eða grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða. Nánari athugun á mögulegu raski á fornleifum og skilgreining mótvægisáðgerða fer fram í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Úrgangsmál. Sorpurðunarsvæði hreppsins er austan þéttbýlis norðan og sunnan við Hringveg 1. Í skipulaginu er stefnt að því að fella út annað af tveimur urðunarsvæðum í sveitarfélaginu. Seyra verður áfram urðuð við Uxafótalæk, en annað sorp til urðunar flutt til sameiginlegs urðunarsvæðis Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps á Skógasandi. Forsenda fyrir því að fella út urðunarsvæði er að tekin verði í notkun sameiginlegt urðunarsvæði. Með því er kominn framtíðarlausn á úrgangsmálum sveitarfélagsins, og minna land fer undir urðun. Samráð þarf að eiga við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þegar gengið er frá urðunarsvæðinu norðan Hringvegjar. Þessi þróun í úrgangsmálum er talin hafa jákvæð áhrif á landnotkun og nýtingu lands í sveitarfélaginu.

Fráveita. Í nýju aðalskipulagi Mýrdalshrepps er stefnt að að bæta fráveitukerfi í öllu þéttbýli Víkur sem er í samræmi við reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp, sbr. greinagerð með tillögu að aðalskipulagi.

Vá / náttúruvá. Helstu ógnir sem flokkast til náttúruvá er ágangur sjávar í Víkurfjöru og mögulegar hamfarir í tengslum við gos í Kötlu. Ennfremur stafar hættu af ofanflóðum. Markmið nýs aðalskipulags er að fylgja eftir aðgerðum sem standa nú yfir í Víkurfjöru til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot af völdum sjávar. Líklega mun með árunum land myndast við nýjan varnargarð. Óvissa er um hvort að það nýtist til sérstakrar landnotkunar í framtíðinni, t.d. útivistar. Í umhverfisskýrslu vegna breytingar á aðalskipulagi vegna varnargarðsins er bent á að þessi landmyndun kann að stuðla að auknu sandfoki eins og þekkist frá núverandi strandlínu. Fram kemur að í því tilfelli kallar aukin landmyndun á frekari uppgræðslu. Þá er í matinu bent á að varnargarðurinn og myndun nýs lands hjálpa við að viðhalda ströndina og útivistargildi hennar (Mýrdalshreppur, 2011). Varnargarðar koma til með að breyta ásýnd þess svæðis sem þeir liggja um. Fer umfang breytinga eftir hæð og breidd mannvirkjanna. Sérstaklega þarf að huga að hæð þeirra m.t.t. útsýnis frá byggð til sjávar. Varnargarðar, hvort sem um er að ræða flóðvarnargarðar eða sjóvarnargarðar, eru mjög mikilvægir fyrir byggð í Vík. Allar aðgerðir sem tryggja öryggi samfélagsins eru taldar hafa veruleg jákvæð áhrif.

Aðgerð til að fyrirbyggja afleiðingar hamfara vegna mögulegs eldgos í Kötlu er regluleg endurskoðun viðbragðsáætlunar og sannprófun björgunaraðgerðar.

Í hættumati Veðurstofu Ísland á hættu á ofanflóðum fyrir Vík í Mýrdal er greint frá hættu úr austurhlíð í Reynisfjalli (Veðurstofa Íslands, 2009). Við val á staðsetningu gangamunna þarf að meta hættu vegna berghlaupa, grjóthruns, snjóflóða og aurskriða. Einnig þarf að meta mögulega hrúnhættu úr Reynisfjalli í tengslum við titring vegna framkvæmda við gerð jarðganga. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að ganga úr skugga um öryggi vegfarenda.

Vegagerðin leitaði til Veðurstofu Íslands til að staðsetja austari gangamunnann m.t.t. ofanflóðahættu. Í samræmi við álit Veðurstofunnar hefur gangamunninn verið færður, á svæði sem telst öruggara. Ný veglína er innan við svokallaða varnarlínu Siglingastofnunar. Ekki liggur fyrir skilgreining á merkingu hennar, önnur en sú að hún tekur til húsbygginga. Leitað hefur verið til Siglingastofnunar um þýðingu hennar gagnvart vegamannvirkjum. Í umsögn Siglingastofnunar um tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 var ekki gerð athugasemd við legu vegarins eða þess getið að vegfarendur væru í hættu.

Við afmörkun á byggðasvæðum í aðalskipulagi hefur verið tekið fullt tillit til hættumats Veðurstofu Íslands og engin ný byggð skilgreind innan hættulína. Byggð skv. skipulagi er því talin örugg m.v. fyrirbyggjandi hættumat vegna ofanflóða og hrunhættu.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum flóðvörnum vegna vegamannvirkja í Mýrdal.

Atvinna. Með endurskoðun aðalskipulagsins er Mýrdalshreppur m.a. að skerpa á þeim áherslum sem hann leggur til í atvinnumálum sveitarfélagsins. Megin atvinnugreinar sveitarfélagsins eru landbúnaður og ferðaþjónusta.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir því að atvinna sem tengist ferðaþjónustu muni koma til með að aukast og vera verulega veigamikill þáttur í atvinnulífi sveitarfélagsins. Skráning Kötlu Jarðvangs á alþjóðlegan lista yfir jarðvanga er mikilvægur þáttur í þeirri þróun. Búist er við að áhrif þessarar stefnu verði aukinn fjöldi ferðamanna. Þess vegna er það stefna sveitarfélagsins aðalskipulaginu að skilgreina og afmarka ferðamannastaði, aðgengi og gönguleiðir til að stýra umferð ferðamanna til að draga úr mögulegu riski.

Aðkoma og ásynd. Í aðalskipulagsvinnu kom fram mikilvægi þess að viðhalda þeirri ímynd sem þéttbýlið í Vík hefur. Yfirbragð byggðar er talið hafa ákveðna sérstöðu bæði vegna staðsetningar í sérstöku umhverfi en einnig vegna ásyndar á byggingum og skipulagi bæjarins. Litið er á þessa sérstöðu bæjarins sem auðlind sem ber að vernda með því að koma í veg fyrir að byggingar muni rísa sem falla ekki að bæjarmyndinni.

Einnig er stefnt að því að halda ásynd svæðis ofan vegar í austurhluta bæjarins óbreyttu. Uppbyggingareitir fyrir iðnaðarsvæði og athafnarsvæði voru í skipulagsvinnunni því færðir suður fyrir þjóðveginn. Sú ákvörðun er einnig til þess fallin að takmarka ekki umfang og nýtingu tjaldsvæðis og golfsvæðis.

Tengivegir. Í skipulaginu er gert ráð fyrir tengivegi með Brandslæk, milli núverandi Hringvegar og nýs Hringvegar. Vegurinn mun fylgja núverandi vegslóð. Þar með mun rask vegna vegagerðar vera óverulegt. Hvorki er talið að votlendi eða ræktað land spillist. Einnig verða ásyndarbreytingar óverulegar, þar sem vegur fylgir núverandi vegslóð. Vegtengingin mun ekki raska verndarsvæðum eða menningarminjum.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að tengivegir að Mýrdalsjökli og Sólheimajökli verði lengdi. Í Mýrdalshreppi er horft til þess að mikill vöxtur verði í þjónustu við ferðamenn og það verði grunnur að framtíðaratvinnutækifærum sveitarfélagsins. Ein af grundvallaraðgerðum til að byggja upp ferðaþjónustu er aðgengi að margbrotinni náttúru sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur skilgreint þau svæði sem þurfa að vera aðgengileg og að aðgengið verði gott og öruggt. Sólheimajökull og Mýrdalsjökull falla undir slík svæði. Mýrdalshreppur telur mjög mikilvægt að tengivegir verði lengdir og viðhaldið á þann hátt að aðgengið sé gott og öruggt. Til að tryggja að við framkvæmdir verði litið til mikilvægi svæðanna og þær hættur sem eru þar, hefur verið bætt við í greinargerð ákvæðum um að við ákvörðun um legu vegar þurfi að hafa samráð við landeigendur og viðeigandi aðila um rannsóknarsjónarmið. Helstu umhverfisáhrifin eru talin vera ásyndarbreytingar, þar sem vegur er lagður um tiltölulega óraskað land. Ekki er um að ræða rask á gróðurlendum.

4. Eftirfylgni og vöktun

Samkvæmt 6. gr. laga 105/2006 þarf í umhverfisskýrslu að gera grein fyrir vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa áætlana. Í umhverfismatinu vegna nýs aðalskipulags Mýrdalshrepps er ekki komist afdráttarlaust að þeirri niðurstöðu að umhverfisáhrif séu líkleg til að vera metin sem veruleg. Hins vegar er ljóst að áhrif vegna tilfærslu Hringvegar 1 koma til með að valda óafturkræfu staðbundnu raski. Gert er ráð fyrir legu vegar um viðkvæmt landslag þar sem hann verður mjög sýnilegur. Einnig hefur svæðið sem hann kæmi til með að liggja um ákveðið vistfræðilegt gildi.

Mögulegt áhrifasvæði vegarins hefur orðið fyrir talsverðri röskun í gegnum tíðina og ekki liggur fyrir áætlun um frekari verndun þess, s.s. í náttúruverndaráætlun. Til þess að draga úr eða koma í veg fyrir möguleg veruleg áhrif vegagerðar á Dyrhólaós og umhverfi þess sem mikilvægt búsvæði fyrir gróður og dýralíf er lagt til að fylgja matsvinnu eftir með eftirfarandi aðgerðum.

Tafla 4. Eftirfylgni

Umhverfispáttur	Eftirfylgni	Ábyrgð	Tímarammi
Gróðurfar og Dyrhólaós	Skilgreina gegndræpni vegar, fjölda, staðsetning og stærð ræsa til að drag sem kostur er úr breytingum á vatnsstreymi vegna vegagerðar.	Mýrdalshreppur og Vegagerðina.	Framkvæmdastig.
	Endurheimt votlendis. Tillögur um Engigarðsmýri og Rofamýri.	Mýrdalshreppur og Vegagerðin	
Fuglalíf	Kortlagning fuglalífs við Dyrhólaós, bæði með tilliti til varpfugla og farfugla.	Vegagerðin	Undirbúningsstig framkvæmda.
	Skilgreina framkvæmdatíma vegna jarðgangagerðar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.	Mýrdalshreppur og Vegagerðin.	Undirbúningsstig framkvæmda.
Landslag og Náttúruinjasrá	Skoða valkost þar sem veglínu er algerlega haldið utan svæðis á Náttúruinjasrá.	Vegagerðin.	Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.
Ferðamennska í Víkurfjöru	Skapa/bæta aðgengi til að tryggja að ferðamenn geti heimsótt Víkurfjöru. Athuga möguleika á áningar/útsýnisstöðum við nýjan Hringveg.	Mýrdalshreppur og Vegagerðin.	Undirbúningsstig framkvæmda.
Náttúruvá	Mat á hættu vegna berghlaupa, grjóthruns, snjóflóða og aurskriða á gangamunna og mat á mögulegri hrúnhættu úr Reynisfjalli í tengslum við titring vegna framkvæmda við gerð jarðganga.	Mýrdalshreppur og Vegagerðin.	Undirbúningsstig framkvæmda.

Í eftirfarandi yfirliti er greint frá helstu atriðum sem bent var á í athugasemdum við drög að umhverfisskýrslu í október og nóvember 2011. Þar kemur einnig fram hvernig Mýrdalshreppur mun bregðast við þessum ábendingum. Fyrst og fremst er um að ræða umhverfisþætti sem hafa verið flokkaðir sem veigaminni á undirbúningsstigi matsvinnu. Í töflu 6 er yfirlit um þær framkvæmdir í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Tafla 5. Ábendingar um önnur umhverfisáhrif og viðbrögð

Umhverfispáttur	Ábending	Viðbrögð
Austurhlíðar Reynisfjalls og Víkurfjara	Fjölskrúðugt lífríki, mikið útivistargildi koma til með að raskast verulega.	Um neikvæð áhrif á útivistargildi svæðisins er fjallað í umhverfisskýrslu. Fjöldi athugasemda hefur borist sem ítrekar umfang og vægi neikvæðra áhrifa á útivistargildi. Skerpt hefur verið á umfjöllun í umhverfisskýrslunni. Skilgreina þarf sérstöðu lífríkis á og meta áhrif á stigi mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.
Hagamýs	Merkileg hagamúsabyggð vegna mikils þéttleika.	Þó að hagamúsinn njóti ekki sérstaks verndargildis gefur óvenjumikill þéttleiki byggðinni ákv. sérstöðu. Nánari umfjöllun er vísað á stig mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.
Fuglar í björgum Reynisfjalls	Geta orðið fyrir truflun frá framkvæmdum og umferð og/eða mengunar.	Fjalla þarf um fuglalíf á allri veglínunni og umhverfis hennar á stigi mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.
Loftgæði	Loftmengun getur orðið í suðurhluta Víkur vegna umferðar.	Ólíklegt er að loftmengun fari yfir viðmiðunarmörk vegna umferðar. Enging frekari viðbrögð.
Hljóðvist	Hávaði vegna umferðar verður sérstaklega mikill þar sem hann magnast upp vegna bergmáls frá björgum og hlíðum Reynisfjalls.	Breytingar á hljóðvist eru skilgreind á stigi mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Fjöldi úrræða er til staðar til að koma í veg fyrir að hávaði fari yfir viðmiðunarmörk á skilgreindu svæði. Kanna þarf frekar hvort hávaði er líklegur til að magnast upp vegna bergmáls frá Reynisfjalli.
	Umferðarhávaði mun aukast á skólalóð og íþróttasvæði.	Nákvæm fjarlægð frá íþróttavelli hefur ekki verið skilgreint. Nauðsynlegt verður að athuga nánar dreifing og styrk hljóðs vegna umferðar á undirbúningsstigi framkvæmda og grípa til viðeigandi úrræða til að tryggja að hljóðstig verði undir viðmiðunarmörkum.

Tafla 6: yfirlit um framkvæmdir í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps sem eru matsskyldar

Framkvæmdir	Umfjöllun í matsskýrslu skv. lögum nr. 106/2000
Færsla Hringvegjar	Í mati á umhverfisáhrifum þarf að kanna hvort hægt sé að staðsetja veg utan svæðis á náttúruminjasrá, leggja mat á hljóðvist frá umferð í þéttbýli og við vestari gangamunna, gera grein fyrir aðgengi að Víkurfjöru, gera grein fyrir breytingum á ásýnd á svæðum með tilkomu vegar, áhersla á Dyrhólaós, við Reynisfjöru og Víkurfjöru, úttekt verði á fuglalífi og fæðuöflunarsvæðum þeirra, vinna mat á snjóflóða- og hrunhættu við gangamunna, gera grein fyrir umferðaröryggi á og í nágrenni nýs vegar og skoða áhrif á fornminjar við eystri gangamunnann. Einnig þarf að gera grein fyrir áhrif efnistöku fyrir vegagerðina.
Náma E19	Í mati á umhverfisáhrifum þarf að gera grein fyrir áhrifum á landslag, landnotkun, áhrif á nýtingu aðliggjandi svæða.
Námur E12 og E13	Ef stærð þeirra verður umfram 50.000 m ³ þarf að tilkynna þær til Skipulagsstofnunar. Í tilkynningu þarf gera grein fyrir áhrifum á landslag, landnotkun, aðliggjandi svæði.
Skógrækt sem nær til 200 ha eða meira	Í tilkynningu þarf að gera grein fyrir áhrifum á landslag, landnotkun, vistkerfi
Stækkun flugbrautar við Höfðabrekku	Í tilkynningu þarf að gera grein fyrir áhrif á aðliggjandi svæði s.s. vegna hávaða frá flugumferð og takmarkani vegna flugumferðaröryggis. Gera þarf grein fyrir áhrif á landnotkun og áhrifum vegna efnistöku fyrir stækkun.

5. Valkostir

Með aðalskipulagi setur sveitarfélagið fram stefnu sína um landnotkun í margvíslegum málaflokkum. Þegar stefnan er mótuð er eðlilega spurt um valkosti við tiltekna stefnu. Mismunandi lausnir varðandi ýmis málefni voru til umræðu í stýrihóp skipulagsvinnunnar og dæmi um slíkt var lega raflína, staðsetning sorpurðunarsvæðis, staðsetning iðnaðarsvæða, lega göngustíga, stærð og staðsetning frístundabyggðar o.fl.

Í matsvinnunni var lögð sérstök áhersla á valkostaumræðu vegna fyrirhugaðrar tilfærslu Hringvegjar 1. Ítrekað var spurt um það hvort önnur leið kæmi til greina sem gæti talist raunhæfur valkostur til samanburðar. Að mati Mýrdalshrepps liggur ekki fyrir raunhæfur valkostur sem uppfyllir markmið sveitarfélagsins í samgöngumálum með sama hætti og gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi tillögu. Þótt aðrar veglausnir uppfylli tæknilegar kröfur Vegagerðarinnar um öryggi og kunna að hafa minni og/eða önnur umhverfisáhrif en vegur skv. tillögu að aðalskipulagi telur stýrihópur skipulagsvinnu þær ekki uppfylla þau grundvallaratriði sem sveitarstjórn telur nauðsynleg fyrir búsetu og lífsgæði í Mýrdalshreppi.

Til að skerpa á eðli og umfang líklegra áhrifa þeirrar leið sem stefnd er að var í matinu almennt rætt um ýmsa valkosti og bent á leiðir sem valda líklega minni umhverfisáhrifum út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Hins vegar var bent á að aðra leiðir koma til með að valda talsvert rask á landi sem nýtur ekki formlegra vernda en er engu að síður mikilvægt fyrir heimabyggð.



Mynd 5: Yfirlit um valkosti sem m.a. voru til skoðunar

Valkostir sem voru til umræðu í matsteyminu og kynntir stýrihóp skipulagsvinnu voru eftirfarandi:

- Úrbætur til að auka öryggi á núverandi leið. Nýbygging á afmörkuðum kafla Hringvegar nálægt við núverandi veg.
- Vegna yfirstandandi fjárskorts í vegamálum var bent á þann möguleika að grípa til úrbóta á núverandi vegi til þess að bæta umferðaröryggi. Áfram væri það stefna sveitarfélagsins að færa veginn niður á láglendi með jarðgöngum um Reynisfjall. Uppbygging núverandi vegar var einnig til umfjöllunar í umhverfismatinu. M.a. var bent á að bæta megi umferðaröryggi vegarins nægilega til þess að hann uppfylli kröfur Vegagerðarinnar um umferðaröryggi. Sveitarfélag Mýrdalshrepps telur að veðurfarslegar aðstæður um Reynisfjall gera ekki kleift að hafa þar öruggan heilsársveg.
Þar sem stefna sveitarstjórnar er að tryggja öryggi samgangna allan ársins hring er ekki litið á uppbyggingu núverandi vegar sem raunhæfan valkost. Varðandi umhverfisáhrif er ljóst að þessi kostur hefur minni áhrif á umhverfið á heildina litið en þó var bent á að í hlíðum Reynisfjalls yrði talsvert landrask og rask á nytjalöndum þar sem fara þyrfti í nýja veglínu til þess að ná ásættanlegum halla.
- Ný leið sem fylgir núverandi leið um Mýrdal en sveigir suður þegar komið er að brekkum Reynisfjalls með jarðgöng sunnarlega í Reynisfjalli. Jarðgöng opnast sunnan Víkur. Að mati stýrihóps er ekki um raunhæfan valkost að ræða. Bent var á verulegt rask á nytjalandi í Mýrdalnum, snjóflóðahættu í hlíðum Reynisfjalli og umferðaröryggis þar sem leiðin liggur um Reynishverfi.
- Mismunandi staðsetning vegar austan Reynisfjalls norðan og sunnan byggðar. Vegagerð norðan Víkur kallar á verulegar skeringar og fyllingar, í berginu og er það andstætt þeirri stefnu sveitarfélagsins að halda í núverandi ásynd þess svæðis. Þá var bent á að í austurhlíðum norðan Víkur er megin vatnsból bæjarins.
- Framkvæmdabelti. Margvísleg lega vegar um láglendi í nágrenni við veglínu sem nú er lögð til. Misbreitt belti var til skoðunar í vettvangsferð. Ýmist litið á gróðurlendi ofan Dyrhólaóss, ósbakka eða ósinn sjálfan sem mögulegt vegstæði (sbr. kort 1). Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og m.t.t. umferðaröryggis er gert ráð fyrir því að nákvæm lega veglína kunni að breytast án þess að fara þurfi í breytingu á aðalskipulagi vegna þessa.

- Skering í suðurhluta Geitafjalls. Eftir að matsteymi hafði lokið við umfjöllun sína kom upp sá kostur að halda veglínu algerlega utan svæðis á Náttúruminjaskrá. Yrði þá nauðsynlegt að fara með skeringu í gegnum hæðarhrygg norðan við Loftssalahelli. Með þessu móti mætti halda veglínu alla leið utan við það svæði sem er afmarkað í Náttúruminjaskrá. Skeringin og tilheyrandi fyllingar sitt hvoru megin við hrygginn yrðu talsverð landrask og mjög sýnileg/áberandi í landslaginu.

Þessi leið var aðallega til skoðunar vegna þess að Loftssalahellir er innan afmörkunar svæðis á Náttúruminjaskrá. Svæðið við Loftssalahelli hefur hins vegar orðið fyrir talsverðu raski nú þegar vegna vegagerðar og ávinningur ekki mikil m.t.t. rasks á landslagi (sbr. Myndir 5a og 5b í viðauka 1).

Lagt er til að þessi valkostur verður til frekari skoðunar í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og þar verði fengið álit um það hvor leiðin kemur til með að vera ásættanlegri.

6. Samandregnar niðurstöður umhverfismats

Megin áhersla umhverfismats var á líkleg áhrif þess að færa Hringveginn. Veigamestu umhverfispættir í matinu voru annars vegar náttúrufarspættir sem tengjast Dyrhólaósi og aðliggjandi gróðurlendi og hins vegar möguleg sjónræn áhrif og áhrif á fjölsóttu ferðamannastaði í nágrenninu.

Dyrhólaós er svæði á Náttúruminjaskrá og hefur þar með ákveðið verndargildi. Erfitt verður að komast algjörlega hjá því að raska þessu svæði þar sem veglínan fer mitt á milli Loftssalahellis og Dyrhólaóss en Loftssalahelli tilheyrir svæðinu sem er á skránni. Að öðru leyti ætti að vera hægt að komast hjá því að raska svæðinu.

Dyrhólaós og gróðurlendin í kring eru undir stöðugum áhrifum og breytingum bæði vegna náttúrlegra ferla og aðgerða manna. Vatnsflæði á milli gróðurlendisins og óssins er talið til veigamestu eðlisþátta og gefa ósnum það vistfræðilega hlutverk sem hann hefur. Draga má úr mögulegum neikvæðum áhrifum á vistkerfið með því að tryggja að vatnsstraumar milli gróðurlendis og Dyrhólaóss verði áfram sem líkastir því sem er í dag.

Fjölbreytt fuglalíf er í nágrenni við Dyrhólaós og er ósinn mikilvægur fæðuöflunarstaður fyrir votlendisfugla. Nauðsynlegt er að kortleggja betur samsetningu fuglalífs og skilgreina áhrif og mögulegar mótvægisáðgerðir. Hafa verður í huga að upplýsingar um notkun fugla á svæðinu eru takmarkaðar. Vegagerð veldur staðbundnu raski á búsvæði fugla en hefur líklega einnig óbein áhrif á nærumhverfi. Ákveðin óvissa er um áhrif umferðar á fuglalíf vegna skorts á rannsóknum á Íslandi. Í matsvinnunni var bent á dæmi þar sem vegur liggur nálægt og meðfram bakka á leirum sem gegna þó áfram sína hlutverki sem fæðuöflunarstaður með ríku fuglalífi.

Beint rask á votlendi mun vera u.þ.b. 9 ha. Sum votlend svæði sem verða fyrir raski eru nokkuð heilleg en önnur hafa verið ræst fram og nýtt fyrir landbúnað. Með aðalskipulaginu er stefnt að endurheimt votlenda á öðrum stöðum í sveitarfélaginu. Alls raskast um 5,2 ha af ræktanlegu landi við færslu Hringvegur. Er notkun landsins mismunandi s.s. tún og rófurækt.

Rask vegna gangamunna og vegamannvirkja í hlíðum Reynisfjalls verður staðbundið og ekki á því svæði sem helst telst sem búsvæði brekkubobbans, þ.e. hvannstöð í hlíðum Reynisfjalls.

Vegur verður almennt mjög sýnilegur þar sem hann liggur um opið landslag. Farið var í sérstaka vettvangsathugun til að kanna sýn til vegar frá helstu ferðamannastöðum, s.s. Dyrhólaey og Reynisfjöru. Áhrif á útsýni frá þessum stöðum verða líklega óveruleg eða engin. Hann verður hins vegar mjög áberandi frá Loftssalahelli. Mestu neikvæð áhrif vegna landslagsbreytinga verða líklega í Víkurfjöru. Þar gæti vegur og umferð dregið úr gildi Víkurfjöru sem útivistar- og ferðamannastaðar. Ekki er þó víst að mikið muni sjást til vegar úr Víkurfjöru en gera má ráð fyrir að framlengdur sjóvarnargarður verði á milli fjöru og vegamannvirkja. Mótvægisáðgerðir geta líklega dregið úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Aðgerðir sem hafa verið nefndar eru gerð undirganga til að tryggja gott aðgengi, bygging áningar- og útsýnisstaðar og að auðvelda aðgengi að fjöru austan við sandfangara.



UMHVERFISSKÝRSLA

Á meðan tilfærsla vegarins hefur jákvæð áhrif á hljóðvist innanbæjar verður hljóðvist lakari í nágrenni við nýja veglínu. Öruggt er þó að hávaði vegna umferðar verður haldið undir viðmiðunarmörkum og gripið til mótvægisáðgerða sé þess þörf.

Áhrif áforma um uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu í samræmi við hugmyndafræði jarðvanga eru líkleg til að vera jákvæð m.t.t. umhverfisins. Með þessu er ferðaþjónustu í sveitarfélaginu sett ákveðin stefna sem m.a. tekur tillit til sjálfbærnisjónarmiða. Þetta er líklegt til að fyrirbyggja rask á náttúrunni vegna aukins álags sem getur orðið með fjölgun ferðamanna.

Stefna um staðsetningu iðnaðar- og athafnarsvæða er stefnumarkandi ákvörðun um að viðhalda og vernda ásýnd bæjarins og koma í veg fyrir neikvæð áhrif uppbyggingar á bæjarmynd.

Úrgangs- og sorpmál eru veigamikill málaflokkur og er stefnt að sameiginlegu urðunarsvæði fyrir Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp og Rangárþing eystra á Skógasandi í síðastnefnda sveitarfélaginu.

7. Tengsl við aðrar áætlanir

Í eftirfarandi töflu er greint frá því hvernig fyrirliggjandi aðalskipulagstillaga samrýmast öðrum áætlunum.

Tafla 6. Tengsl við aðrar áætlanir

Áætlun	Athugasemd
Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020 og áherslur á sviði sjálfbærrar þróunar 2010-2013	Áform um vegagerð eru ekki í samræmi við áherslu um verndun votlendis. Mest gróðurlendi sem flokkast undir votlendi hefur þó nú þegar orðið fyrir talsverðu raski vegna landbúnaðar.
Jarðgangaáætlun, 2000	Í jarðgangaáætlun er gert ráð fyrir tvennum jarðgöngum, þ.e. um Geitafjall og Reynisfjall.
Náttúruminjaskrá 7.útgáfa	Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og syðstu brúnir Reynisfjalls eru á Náttúruminjaskrá (nr. 708). Vegur um láglendi skv. tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2011 – 2030 liggur um norðurjaðar þess svæðis. Á stigi framkvæmdamats verður endanlega ákveðið að hversu miklu leyti vegurinn verður innan þessa svæðis.
Þingsályktun um Náttúruverndaráætlun 2009-2013	Í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009- 2025 er stefnt að gerð jarðganga með gangamunna í nágrenni við fundarstað brekkubobba (hvannstóð í hlíðum Reynisfjalls). Rask vegna framkvæmda verður ekki á því svæði.
Þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011-2020	Vegagerð ofan Víkurfjöru samræmist ekki stefnumiði 1a um að byggja upp, vernda og viðhalda ferðamannastöðum. Vegagerð við fjöruna er líkleg til að rýra upplifun hennar. Að öðru leyti er stefna aðalskipulags í samræmi við þingsályktun um ferðamálaáætlun.
Tillaga að samgönguáætlun 2011-2022	Ekki í samræmi. Í tillögu að samgönguáætlun er gert ráð fyrir að lagfæra Hringveg við Gatnabrún.
Svæðisskipulag miðhálandis til 2015	Í samræmi.
Hættumat vegna ofanflóða á Vík	Greint er frá hættu ofanflóða úr austurhlíð í Reynisfjalli. Við val á staðsetningu gangnamunna þarf að meta hættu vegna berghlaupa, grjóthruns, snjóflóða og aurskriða. Einnig þarf að meta mögulega hrúnhættu úr Reynisfjalli í tengslum við titring vegna framkvæmda við gerð jarðganga.
Staðardagskrá 21	Í samræmi
Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni, 2008	Vegur um Mýrdal raskar búsvæði dýra og plantna. Nánari athugun á gróðurfari of dýralífi þarf að fara fram á stigi mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum	Endurheimt votlendis er talið til aðgerðar stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Vegagerð um Mýrdalinn er líkleg til að raska votlendi að einhverju leyti. Það er að mestu votlendi sem hefur orðið fyrir raski vegna landbúnaðar. Í matsvinnunni var bent á að vegur um láglendi getur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkusparnaðar í samanburði við ökuleið um víkina (Reynisfjall).

Áætlun	Athugasemd
Ramsar samningur um votlendi sem hefur alþjóðlegt verndargildi, einkum fyrir fugla.	Dyrhólaós og votlendi í nágrenni eru ekki á lista yfir Ramsar svæði á Íslandi. Engu að síður má líta svo á að almenn ákvæði samningsins ná til þessa svæðis og til allra votlenda á landinu. Samkvæmt því ber aðildarríkjum að stuðla að skynsamlegri nýtingu votlenda svo sem unnt er og ennfremur stuðla að vernd votlenda og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum. Fyrirhugaður vegur mun raska votlendi og sveitarfélagið stefnir að endurheimt votlendis annarsstaðar í sveitarfélaginu til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum. Tryggja þarf við hönnun vegar og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda að Dyrhólaós geti áfram þjónað sínu hlutverki sem mikilvægur fæðuöflunarstaður votlendisfugla.
Aðalskipulag Rangárþing eystra 2003-2015	Í samræmi.
Skaftárhreppur 2010 - 2022	Í samræmi.
Kerfisáætlun Landsnets 2010-2014	Í samræmi. Ekki er gert ráð fyrir nýjum flutningslínunum raforku í Mýrdalshreppi.

8. Samráð og kynningar

Í skipulagsvinnu var lögð áhersla á samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Umhverfismat áætlunarinnar hefur verið kynnt á kynningar- og samráðsfundum. Leitað var samráðs og álits fagstofnana á einstökum málaflokkum. Með kynningum fyrir íbúa og hagsmunaaðila á skipulagsvinnu og umhverfismati var kallað eftir athugasemdum um áherslur skipulagsvinnu og matsvinnu, valkosti og vægi umhverfisáhrifa.

Umhverfismatsvinna fór fram í samráði við Skipulagsstofnun í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Á vinnslustigi skipulagstillögu og umhverfisskýrslu var leitað álits og umsagna ýmissa aðila.

Helstu þættir í samráði og kynningu skipulagsgagna og umhverfismats voru:

- Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skal sveitarfélag við upphaf vinnu við gerð aðalskipulagstillögu taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu, þar sem kemur m.a. fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur, skipulagsferli og hvernig verði staðið að kynningum og samráði við skipulagsgerðina. Í lýsingu verkefnisins var einnig matslýsing skv. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í matslýsingu var gerð grein fyrir áherslum, umfangi og nákvæmni upplýsinga í umhverfismati.
- Mýrdalshreppur kynnti lýsingu verkefnis og matslýsingu á heimasíðu sinni þann 19. maí 2011 og sendi hana til lögbundinna umsagnaraðila. Var athugasemdatími gefinn til 6. júní 2011. Ekki voru gerðar athugasemdir við nálgun umhverfismats. Umhverfisstofnun óskaði eftir því að bera saman tillögu við 0-kost, sem hún taldi vera lagfæringu á núverandi vegi, sem og að fjall um áhrif á votlendi. Hvoru tveggja var gert í umhverfisskýrslu.
- Auk þess kynnti Mýrdalshreppur sérstaklega leiðarljós og ítarlegar áherslur skipulagsvinnunnar. Voru leiðarljósin aðgengileg á heimasíðu Mýrdalshrepps.
- Mýrdalshreppur kynnti drög að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Drögin, sem fela í sér greinargerð, upprætti og umhverfisskýrslu voru auglýst til kynningar 2. nóvember og var athugasemdarfrestur til 21. nóvember 2011. Einnig var haldinn kynningarfundur í Vík, þann 3. nóvember, þar sem gerð var grein fyrir helstu þáttum skipulagsgagna og fram fóru almennar umræður með fyrirspurnum úr sal.
- Mýrdalshreppur fór yfir allar umsagnir og athugasemdir sem bárust við skipulagsgögnin og umhverfisskýrslu. Talverðar breytingar voru gerðar á skipulagsgögnum. Voru viðbrögðin birt í greinargerð dagsettri í desember 2011. Þar kemur fram hverjir gerður athugasemdir og hvernig var brugðist við þeim.
- Sveitarfélagið boðaði til fundar með þeim sem eiga land, sem ný veglína fer um. Tilgangur fundar var að fá fram sjónarmið þeirra og upplýsingar um núverandi landnýtingu.
- Tillaga að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 ásamt umhverfisskýrslu var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga. Var athugasemdartími frá 19. mars til 4. maí. Alls bárust 68 athugasemdir og umsagnir. Hefur Mýrdalshreppur brugðist við ýmsum athugasemdum, en megin stefnumörkun hans er óbreytt frá því sem kom fram í tillögu.
- Í apríl 2012 var tillagan að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 kynnt á opnum fundi. Þar var m.a. farið yfir þær breytingar sem gerðar voru á skipulagsgögnunum í kjölfar þeirra athugasemda og umsagna sem bárust við drög að aðalskipulagi sveitarfélagsins.
- Mýrdalshreppur hefur tekið saman viðbrögð sín við umsögnum og athugasemdum í greinargerð dagsettri í maí 2012. Þar kemur fram hverjir gerður athugasemdir og hvernig var brugðist við þeim.

Talsverðar breytingar voru gerðar frá drögum að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps og umhverfisskýrslu sem kynnt voru í nóvember. Snéru margar þeirra að skilmálum og aðgerðum vegna færslu Hringvegar. Auk þess var bætt við margvíslegum gögnum um áhrif á landnotkun, upplýsingar um fugla, upplýsingar um votlendi sem raskast, ítarlegri samanburður valkosta o.fl.

9. Samlegðaráhrif og heildarniðurstaða matsvinnu

Umhverfismat vegna Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028 hefur nýst til þess að skilgreina helstu umhverfisáhrif nýrrar stefnu og meta vægi þeirra. Vegna reynslu frá gildandi aðalskipulagi hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps ákveðið að tryggja ítarlega umfjöllun um möguleg umhverfisáhrif. Áhersla matsvinnu var á möguleg umhverfisáhrif þess að færa til Hringveginn í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um öryggi og áreiðanleika í samgöngum.

Skýrt var frá eðli mikilvægra umhverfispáttá með það að markmiði að geta lagt mat á vægi og umfang áhrifa. Matsvinna og skilgreining áhrifa hafa verið óvenju ítarleg miðað við lagakröfur um umhverfismat áætlana. Ákvörðun sveitarfélagsins byggir því á góðum upplýsingum um möguleg umhverfisáhrif.

Vegna áherslu á umdeilda tilfærslu Hringvegur og mögulega áhrif á vistkerfið sem er Dyrhólaós og nágrenni var ekki sérstaklega fjallað um samlegðaráhrif ótengdra aðgerða í aðalskipulaginu. Þau myndu vera vegna ýmissa aðgerða sem fylgja stefnu aðalskipulags haldast í hendur. Sérstaklega er hér litið til stefnu um samgöngur og stefnu um uppbyggingu atvinnulífs með áherslu á eflingu ferðaþjónustu. Vegagerð vegna tilfærslu Hringvegur kemur til með að raska landi og náttúrufari en tryggir öruggar samgöngur allan ársins hring. Stýrihópur skipulagsvinnu telur að öruggt og greiðfært grunnkerfi í samgöngum sé mikilvæg forsenda þess að efla atvinnulíf og að þessar samgöngubætur séu ein af forsendum þess að gera sveitarfélagið að vænlegum búsetukosti.

Önnur stefnumið og aðgerðir nýs aðalskipulags sem fjallað var um í umhverfismatinu snúa helst að efnistöku, sorp- og úrgangsmálum og eðli og umfang uppbyggingar í þéttbýli.

Á heildina litið má segja að megin áhersla umhverfismats hafi verið á því að skýra frá mikilvægum lykilþáttum náttúrufars í Mýrdal. Við skilgreiningu líklegra áhrifa vegna vegagerðar í Mýrdal var sérstaklega litið til samspils ólíkra en samhangandi þátta eins og gróðurlendi, ós, vatnafar og fuglalíf. Ljóst er að framkvæmd stefnu um að færa Hringveg í Mýrdal mun valda raski á umhverfi og umbreyta ásýnd svæðisins sem hann kemur til með liggja um. Veigamestu neikvæðu umhverfisáhrifin verða líklega vegna staðbundins rasks á votlendi. Einnig verða talsverðar ásýndarbreytingar þar sem vegur kemur til með að liggja um opið landslag. Mikilvæg niðurstaða matsvinnu er þó einnig að Dyrhólaós, sem nýtur verndargildis sem náttúruminjar, verða líklega ekki fyrir verulegum áhrifum verði þess gætt að ósinn geti áfram gegnt sínu vistfræðilega hlutverki.

Veigamestu jákvæðu áhrif aðalskipulagsins eru fólgin í samfélagslegum áhrifum af öruggari samgöngum í samræmi við leiðarljós aðalskipulagsins. Einnig er jákvætt að aðalskipulagsstefnan styður við uppbyggingu atvinnulífs, að tekið er á úrgangs- og sorpmálum til að finna framtíðarlausn og að stefnt er að því að vernda og viðhalda ásýnd bæjarins. Þá er metið að aðgerðir sem tengjast uppbyggingu jarðvangs séu líklegar til að hafa jákvæð áhrif á þróun ferðaþjónustu og að þær muni taka tillit til þarfa náttúrutengdrar ferðamennsku.

Stýrihópur skipulagsvinnu telur að umhverfismatið hefur nýst til þess að taka upplýsta ákvörðun um fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi og telur á heildina litið að neikvæð umhverfisáhrif verði ekki veruleg, með því að grípa til nauðsynlegra mótvægisáðgerða. Draga þarf sem kostur er úr mögulegum neikvæðum áhrifum á Dyrhólaós sem fæðuöflunarstaðar fyrir votlendisfugla. Einnig er mikilvægt að tryggja að Víkurfjara muni áfram geta gegnt sínu hlutverki sem útivistarsvæði heimamanna og ferðamanna, m.a. með því að bæta sjóvarnir og verja byggð enn frekar en nú er gert.

Heimildarskrá

- Alþingi. 2011. *Þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011-2020*. Þskj. 1657.
- Alþingi. 2010. *Tillaga til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020*. Þskj. 758.
- Alþingi. 2006. *Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun árin 2006-2009*. Þskj. 473.
- Alþingi, 2010. Þingsályktun um Náttúruverndaráætlun 2009-2013.
- Alþingi, 2011. *Þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011-2020*
- Dyrhólahreppur og Hvammshreppur. 1982. *Sameining Dyrhólahrepps og Hvammshrepps. Greinagerð samstarfsnefndar*.
- Gunnar Magnússon. 1989. *Dyrhólsós. Veiðimaðurinn SVFR*
- Hönnun. 2002. *Vikunám á Mýrdalssandi – Mýrdalshreppi. Mat á umhverfisáhrifum*. Kötluvikur EHF
- Jóhann Óli Hilmarsson, Edward B. Rickson og Hrafn Svavarsson (2010). Fuglatalning í Dyrhólaósi og nágrenni 22. apríl 2010.
- Mýrdalshreppur. 2011. *Vík breyting á aðalskipulagi*
- Mýrdalshreppur og Umhverfisstofnun. 2011. *Samningur um umsjón og rekstur friðlandsins Dyrhólaeyjar*.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. Gróðurkortlagning í Mýrdalnum.
- Náttúruverndarráð. 1996. *Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar*. Reykjavík, 7. útgáfa
- Ragnhildur Sveinbjarnardóttir rstj. 2010. Application, Katla Geopark Project 2010
- Ramsar samningurinn 1975 (aðild Íslands 1978). *Ramsar convention*
- Rangárþing eystra 2005. Aðalskipulag 2003 - 2015
- Samgönguráðuneytið. 2005. *Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007 -2018*. Drög.
- Skaftárhreppur. 2010. Aðalskipulag 2010 - 2022
- Skipulagsstofnun. 2003. *Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags-ferli og aðferðir*.
- Skipulagsstofnun. 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*.
- Skipulagsstofnun. 2006. *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana – drög*
- Skipulagsstofnun 2010. *Álit um staðfestingu Aðalskipulags Mýrdalshrepps 209-2025*.
- Umhverfisstofnun. 2003. *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*.
- Umhverfisstofnun. 2003. *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*.
- Umhverfisstofnun. 2010. *Ástand friðlýstra svæða – Yfirlit til umhverfisráðuneytisins*.
- Umhverfisráðuneytið. 2007. *Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í Íslensku Samfélagi – Áherslur 2006-2009*.
- Umhverfisráðuneytið. 2008. *Líffræðileg fjölbreytni – stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni*.
- Umhverfisráðuneytið. 2010. *Velferð til framtíðar - sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010 – 2013*.
- Veðurstofa Íslands 2009-008. *Hættumat fyrir Vík í Mýrdal, Greinagerð með hættumatskorti*.



Vegagerðin. 2000. Jarðgangaáætlun

Vegagerðin 2007. *Norðausturvegur til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls, Vopnafjörður, Mat á umhverfisáhrifum, Frummatsskýrsla.*

Vegagerðin 2008. *Hringvegur um Hornafjörð, Frummatsskýrsla.*

Veðimálstofnun.1990. *Hafbeitarrannsóknir á sjóbirting og sjóbleikju í Dyrhólaósi 1989 Áfangaskýrsla til Rannsóknaráðs ríkisins. VMST-S/90002X*

Lög og reglugerðir

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulags- og byggingarreglugerð nr. 400/1998

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Viðauki

Um sjónræn áhrif vegar

Mynd 1) Norðausturbakki Dyrhólaós sést frá vinsælum áfangastað efst í Dyrhólaey.

Mynd 2) Útsýni frá útsýnisstað við neðri áningastað í Dyrhólaey.

Mynd 3) Unnin mynd. Sýn til norðvesturbakka Dyrhólaós og Loftssalahellna frá norðvesturenda Dyrhólaey.

Mynd 4) Horft úr Víkurfjöru til Víkur.

Mynd 5a og 5b) Útsýni frá Loftsalahelli.

Um Kort

Kort 1: Gróðurkort og gróðurlykill

Kort 3: Veglínur 3 og 5

Kort 4: Votlendi við veglínu 3



Mynd1) Norðausturbakki Dyrhólaós sést frá vinsælum áfangastað efst í Dyrhólaey.



Mynd 2) Útsýni frá útsýnisstað við neðri áningastað í Dyrhólaey. Norðausturbakki Dyrhólaós sést frá vinsælum áfangastað við austurenda Dyrhólaey við útfall Dyrhólaóss.



Mynd 3) Unnin mynd. Sýn til norðvesturbakka Dyrhólaós og Loftssalahellna frá norðvesturenda Dyrhólaey. Núverandi vegur sem liggur um ósinn í Dyrhólaey er í forgrunni en nýr vegur liggur norðan við hann



Mynd 4) Horft úr Víkurfjöru til Víkur. Ekki sést til byggðar. Vegur milli Víkur og flóðvarnargarðs mun líklega ekki vera sýnilegur úr fjörunni. Þó gæti sést til ökutækja sem fara um veginn.



Mynd 5a. Útsýni frá Loftsalahelli.



Mynd 5b. Unnin mynd. Útsýni frá Loftsalahelli með líklegri ásýnd Hringvegar.

Gróðurlykill með gróðurfarskortí

Gróðurfélag, grodurlendi


A1/L5zb, Mosagróður	H1pb, Graslendi	T5/L5, Deiglendi
A4, Mosagróður	H3, Graslendi	T5/T2, Deiglendi
A5, Mosagróður	H3x, Graslendi	T5/U8, Deiglendi
A5/L1pb, Mosagróður	H3xb, Graslendi	T9, Deiglendi
A5/L5zb, Mosagróður	H3z, Graslendi	T9x, Deiglendi
A5a, Mosagróður	H4, Melgresi	U1, Mýri
A5x, Mosagróður	H4/H1, Melgresi	U10, Mýri
A5xa, Mosagróður	H4/H1z, Melgresi	U10/T2, Mýri
A5xb, Mosagróður	H4/L2x, Melgresi	U13, Mýri
A5z, Mosagróður	H4/L2z, Melgresi	U13/T2, Mýri
A5zb, Mosagróður	H4/L5, Melgresi	U13/V1/V2, Mýri
A5zb/kl, Mosagróður	H4x, Melgresi	U5, Mýri
A5p, Mosagróður	H4z, Melgresi	U8, Mýri
A5pb, Mosagróður	H4p, Melgresi	U8/T9, Mýri
A8/L5zb, Mosagróður	L1/H1xb, Blómlendi	U8/U13, Mýri
A8zb, Mosagróður	L2, Blómlendi	U8/V1, Mýri
H1, Graslendi	L3, Alaskalúpína	V1, Flói
H1/A5, Graslendi	L3x, Alaskalúpína	V1/Y2, Flói
H1/A5zb, Graslendi	L3z, Alaskalúpína	V2, Flói
H1/L1/L2, Graslendi	L5, Blómlendi	av, Vatn
H1/L3, Graslendi	L5/H1xb, Blómlendi	by, Byggð
H1/L3z, Graslendi	L5xb, Blómlendi	ey, Þurrar áreyrar
H1/L5, Graslendi	L5zb, Blómlendi	fj, Fjara
H1/L5xb, Graslendi	R1, Ræktað land	fl, Flag
H1/R6, Graslendi	R2, Ræktað land	gt, Stórgrýtt land
H1/R6x, Graslendi	R3, Ræktað land	gt/me, Stórgrýtt land
H1/T2, Graslendi	R4(H1), Ræktað land	gt/sa, Stórgrýtt land
H1/U10, Graslendi	R4, Ræktað land	kl, Klappir
H1a, Graslendi	R5, Uppgræðsla	le, Blautar áreyrar
H1b, Graslendi	R5x, Uppgræðsla	me, Melar
H1x, Graslendi	R6, Skógrækt	me/mo, Melar
H1xa, Graslendi	R6/by, Skógrækt	meb, Melar
H1xb, Graslendi	T2, Deiglendi	mo, Moldir
H1z, Graslendi	T2/T7/H1, Deiglendi	mo/me, Moldir
H1za, Graslendi	T2x, Deiglendi	ra, Raskað land
H1zb, Graslendi	T4, Deiglendi	sa, Sandur
H1p, Graslendi	T5, Deiglendi	



SKÝRINGAR:

- Veglína 5
- Veglína 3
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Vottlendi innan veghelgunarsvæðis (60m)

Heimild: gróðurfarskort NÍ



VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20 105 REYKJAVÍK SIMI 585 9000 FAX 585 9010

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009 - 2025
Umhverfismat áætlana

Hannað: GHS	Dags.: 12.12.2011
Teiknað: GHS	Verknr.: 11141
Yfirf.:	Teikn.nr. UMA-F-G-03.mxd Br.

Kort 3
Vottlendi við veglínur 3 og 5
Heimild: Náttúrurfræðistofnun Íslands



SKÝRINGAR:

— Veglína 3

Votlendi sem veglína 3 þverar

Heimild: gróðurfarskort Ní

0 250 500 750 1.000

Metrar

N

VSÓ RÁÐGJÖF

BORGARTÚNI 20 105 REYKJAVÍK SÍMI 585 9000 FAX 585 9010

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009 - 2025

Umhverfismat áætlana

Hannað: GHS	Dags.: 03.01.2012
Teiknað: GHS	Verknr.: 11141
Yfirf.:	Teikn.nr. UMA-F-G-04.mxd Br.

Kort 4

Votlendi við veglínu 3

Heimild: Náttúrurfræðistofnun Íslands